Halldór
skoðun 10



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Ísbúðir




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag




# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
9. mars 2011
56. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Á leið til landsins

*Eva Gabrielsson, fyrrum sambýliskona Stiegs Larsson, kemur fram í Norræna húsinu.*

fólk 26

## Sýning um höfund þjóðsöngsins

*Sýning um Sveinbjörn Sveinbjörnsson opnuð í Tónlistarsafni Íslands.*

tímamót 14



## Allt undir í Höllinni

*Strákarnir okkar taka á móti Þýskalandi í gríðarlega mikilvægum leik í undankeppni EM.*

sport 22

## veðrið í dag




**BJART SYÐRA** Í dag ríkja norðlægar áttir, víða 5-10 m/s en hvassara á annesjum NA-til. Búast má við éljagangi norðan- og austanlands en S- og V-til verður að mestu bjart. Áfram kalt í veðri.

VEÐUR 4



**SÖGULEGT DÓMÞING** Landsdómur kom saman fyrir opnum tjöldum í fyrsta skipti í gær. Dómurinn hefur fengið aðstöðu í Þjóðmenningarhúsinu, og takast því saksóknari og verjandi á innan um gamlar lagabækur og fornsögur. Hér flytur Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, mál sitt fyrir dóminum. Dómurinn vísaði í gær frá dómi kröfu verjanda Geirs H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, um að hann teldist eiga aðild að gagnaöflunarmáli saksóknara Alþingis. Sjá síðu 6.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Forseti fær minna en handhafar halda sínu

**Þrír staðgenglar forsetans fengu hver um sig 1,6 milljónir króna í aukagreiðslu á síðasta ári. Laun forseta lækkuðu en þeir héldu sínu.**

**BESSASTAÐIR** Launalækkun sem forseti Íslands fór fram á í árslok 2008 nær ekki til staðgengla hans. Forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar þáðu um 1,6 milljónir króna hver á síðasta ári fyrir að gegna starfi handhafa forsetavalds þegar forsetinn var erlendis.

> Jóhanna hefur í framhaldinu ákveðið að óska eftir sambærilegri lækkun á sínum hlut.
>
> HRANNAR B. ARNARSSON AÐSTOÐARMAÐUR FORSÆTISRÁÐHERRA

Þótt laun þingmanna, ráðherra og forsetans hafi lækkað eftir hrunið lækkuðu greiðslur til handhafa forsetavaldsins ekki, samkvæmt upplýsingum frá embætti forseta Íslands. Þetta uppgötvaðist við yfirferð yfir ársreikning embættisins, og hefur þegar verði gerð athugasemd vegna þessa.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra lýsti þessum greiðslum þannig sumarið 2009 að þær væru „2007“ og hún vildi afnema þær. Frumvarp, þar sem lagt var til að þær yrðu skertar um áttatíu prósent, var lagt fram á Alþingi í ágúst 2009. Það sofnaði í nefnd og sefur þar enn.

Hrannar B. Arnarsson, aðstoðarmaður Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, segir hana fyrst nýlega hafa frétt af því að laun forsetans hafi verið lækkuð. Málið hafi farið inn á Alþingi en þingið ekki talið sig hafa heimild til að lækka laun forseta á miðju kjörtímabili.

„Forsetinn er nýbúinn að upplýsa forsætisráðherra um að hann hafi óskað eftir og fengið lækkun en að hún hafi ekki gengið yfir handhafana. Jóhanna hefur í framhaldinu ákveðið að óska eftir sambærilegri lækkun á sínum hlut þannig að hann verði sambærilegur og hjá forsetanum,“ segir aðstoðarmaður forsætisráðherra. - bj / sjá síðu 6

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1

Þjóðverjar hafa áhyggjur af áformum stjórnvalda um lífrænt eldsneyti:

# Kaupa heldur dýrara bensínið

**ÞÝSKALAND, AP** Þjóðverjar hafa upp til hópa heldur keypt venjulegt bensín á bílana sína en svonefnt E10-bensín, sem er helmingi ódýrara en blandað lífrænu eldsneyti.

Í síðasta mánuði gerði þýska stjórnin bensínstöðvum í landinu að hafa E10-eldsneytið á boðstólum sem aðaleldsneyti handa viðskiptavinum sínum. Nú þegar fæst það á helmingi allra bensínstöðva.

E10 er venjulegt bensín að níu tíundu hlutum en blandað með etanóli að einum tíunda.

Þrátt fyrir að stjórnin reyni að fullvissa almenning um að langflestar tegundir bifreiða þoli E10 mjög vel hafa Þjóðverjar áhyggjur af því að þetta eldsneyti geti skemmt vélarnar.

Þá telja umverfissinnar að etanól sé engan veginn umhverfisvænt, enda þarf að taka mikil landflæmi undir ræktun jurta sem það er framleitt úr.

Stjórn landsins segir olíufélögin ekki hafa staðið sig í að upplýsa neytendur um nýja eldsneytið.

Með þessu móti ætlar stjórnin að ná markmiðum Evrópusambandsins í eldsneytismálum. -gb

Hvað ef hún hefði aldrei fæðst?
Dramatísk fjölskyldusaga eftir Jodi Picoult
„... ótrúlega vel skrifuð bók ... snilldarlesning ...“
KS / midjan.is
NÝ KILJA




NÝR FERÐA-BÆKLINGUR



FYLGIR BLAÐINU Í DAG!

## SPURNING DAGSINS



*Þorsteinn, ertu þá nokkuð meyr yfir þessum góðu viðtökum sem myndin fær?*

„Nei, ég er meira svona foreldrakjöt af nýslátruðu.“

Þorsteinn Guðmundsson, aðalleikarinn í myndinni Okkar eigin Osló, neitar því að hann sé eitthvert kjötflykki, þrátt fyrir að óbeislaður kynþokki hans dragi fólk í bíó.

Gunnar í Krossinum fagnar aðkomu lögreglu að máli hans:

# Engin ástæða til að stofna fagráð

**LÖGREGLUMÁL** Gunnar Þorsteinsson, forstöðumaður Krossins, segist fagna því að mál hans sé komið í lögformlegan farveg. Gunnar sendi frá sér yfirlýsingu í kjölfar umfjöllunar um að konurnar sex sem saka hann um kynferðislega áreitni hafi tilkynnt málin til lögreglu.

„Að þessu máli liggja ýmsir þræðir og verður tíminn að skera úr um hvort hægt verður að rekja þá til upphafs síns, en ég fagna því að geta tjáð mig við ábyrga aðila,“ segir í yfirlýsingu frá Gunnari. Þá segir að stjórn



GUNNAR ÞORSTEINSSON

Krossins hafi reynt að stofna fagráð í kjölfar málanna, en það hafi verið án árangurs.

Stjórn Krossins hefur nú tekið þá ákvörðun að engin ástæða sé lengur til þess að stofna fagráð innan félagsins. Þó var stofnun slíks ráðs samþykkt einróma á safnaðarfundi í desember.

„Þrátt fyrir mikinn og einlægan vilja af hálfu stjórnar Krossins þá hefur enn ekki tekist að skipa fagráð en við teljum fullreynt í þeim efnum,“ segir í yfirlýsingu frá stjórninni. Að lokum segir: „Með kæru til lögreglu hafa ásakendur tekið málin í sínar hendur og lítur stjórn Krossins eðlilega svo á að frekari vinna við að setja á fót fagráð sé ekki til neins.“

Konurnar hafa þó ekki enn lagt fram formlega kæru á hendur Gunnari. **- sv**

Hættulegir ökuþórar teknir:

# Sautján ökumenn í vímu

**LÖGREGLUMÁL Sautján ökumenn voru teknir við vímuefnaakstur um helgina á höfuðborgarsvæðinu. Þar af voru þrettán ökumenn teknir fyrir ölvunarakstur. Þetta voru níu karlmenn og fjórar konur.**

**Fjórir ökumenn voru teknir fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna, þrír karlar og ein kona. Í för með yngsta ökumanninum voru tveir jafnaldrar hans, annar þeirra með fíkniefni í fórum sínum. Þeir voru færðir á lögreglustöð en þaðan var hringt í foreldrana, sem komu og sóttu þá.** **- jss**



**FLÓTTAMENN Í TÚNIS** Antonio Guterres, flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, skoðar flóttamannabúðir. NORDICPHOTOS/AFP

Hart barist áfram í Líbíu:

# Loftárásir á uppreisnarlið

**LÍBÍA, AP Liðsmenn Múammars Gaddafí í Líbíu héldu áfram að gera loftárásir á uppreisnarmenn í austurhluta landsins.**

**Uppreisnarmenn börðust einnig við liðsmenn Gaddafís í borginni Zawiya, sem er skammt frá höfuðborginni Trípolí.**

**Þá hafa liðsmenn Gaddafís reynt að hindra flóttamenn í að komast úr landi. Um hundrað þúsund flóttamenn hafa farið yfir til Túnis og tugir þúsunda bíða við landamærin eftir að komast yfir.**

**Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ræddi í gær möguleikann á að banna flug yfir Líbíu til að hindra loftárásir á uppreisnarmenn.** **- gb**

## EVRÓPUSAMBANDIÐ

### Malta stöðvar aðgerðirnar

Ríki Evrópusambandsins reyndu í gær að komast að samkomulagi um frekari refsiaðgerðir gagnvart Líbíu en Maltverjar, sem eiga í miklum viðskiptum við Líbíumenn, komu í veg fyrir það.

## HÁSKÓLI ÍSLANDS

### Glerveggur sprakk

Veggur úr gleri sprakk á Háskólatorgi í Háskóla Íslands í gærdag. Glerinu rigndi yfir nærstadda en betur fór en á horfðist og enginn meiddist. Talið er að mikil spenna hafi myndast í glerinu sem gerði það að verkum að það sprakk.

# Gruna Húsasmiðjuna og BYKO um samráð

**Lögregla lagði í gær hald á bókhaldsgögn og aðra muni í húsleitum hjá Húsasmiðjunni, BYKO og Úlfinum og handtók nítján starfsmenn. Samkeppniseftirlitið rannsakar meint ólögmætt samráð á markaði með grófar byggingarvörur.**

**LÖGREGLUMÁL** Nítján starfsmenn Húsasmiðjunnar, Byko og Úlfsins byggingarvara voru handteknir og færðir til yfirheyrslu í gær vegna rannsóknar á meintu broti manna á ákvæðum laga um bann við samráði um verð, gerð tilboða og skiptingu markaða.

Starfsmennirnir voru handteknir þegar efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra gerði húsleit hjá fyrirtækjunum þremur. Mönnum var öllum sleppt eftir yfirheyrslurnar. Allt að sex ára fangelsi liggur við meintum brotum þeirra.

„Rannsókn ríkislögreglustjóra beinist að ætluðum brotum starfsmanna fyrirtækjanna og grundvallast á kæru Samkeppniseftirlitsins, en þau brot sæta rannsókn lögreglu að undangenginni kæru stofnunarinnar,“ segir í tilkynningu samkeppniseftirlitsins. „Samhliða rannsókn lögreglu á ætluðum brotum starfsmanna fyrirtækjanna hefur Samkeppniseftirlitið til rannsóknar hugsanleg brot hlutaðeigandi fyrirtækja á banni við ólögmætu samráði, en slík brot varða fyrirtæki meðal annars stjórnvaldssektum.“

Við aðgerðina naut ríkislögreglustjóri og Samkeppniseftirlitið aðstoðar starfsmanna sérstaks saksóknara, lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórans á Suðurnesjum. Lagt var hald á gögn og muni. Rannsóknin mun beinast að markaði með grófvörur á byggingarmarkaðinum.

Byko og Húsasmiðjan sendu frá sér yfirlýsingar vegna málsins. „Af þessu tilefni vill Húsasmiðjan taka fram að hún vísar öllum ásökunum um verðsamráð á bug. Fyrirtækið mun að sjálfsögðu aðstoða







**HÚSLEITIR OG HANDTÖKUR** Úlfurinn hefur veitt stóru fyrirtækjunum Byko og Húsasmiðjunni samkeppni í sölu grófra vara á borð við gips og steypustyrktarjárn. Nú hefur Samkeppniseftirlitið kært meint ólöglegt samráð fyrirtækjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

við rannsókn málsins enda hefur það ekkert að fela,“ segir í yfirlýsingu frá Sigurði Arnari Sigurðssyni, forstjóra Húsasmiðjunnar.

Byko kveðst ávallt hafa lagt sig fram um að tryggja að starfsemi þess og viðbrögð á markaði væru í samræmi við samkeppnislög. „Fyrirtækið hefur unnið með rannsóknaraðilum og afhent þau gögn sem óskað hefur verið eftir. BYKO gerir ekki athugasemdir við að rannsóknaraðilar ræki skyldur sínar með þessum hætti,“ segir í yfirlýsingu frá Iðunni Jónsdóttur, stjórnarformanni Byko.

„Það kemur okkur mjög á óvart að vera tengdir við þessa rannsókn. Við höfum ekki tekið þátt í neinu samráði og ég býst við að við verðum fljótlega úr sögunni í þessu máli,“ segir Guðmundur Þór Jóhannsson, stjórnarformaður Úlfsins. Fyrirtækið tók til starfa á árinu 2007 og sérhæfði sig í sölu grófra byggingarvara á borð við gips, krossvið, þakpappa, steypustyrktarjárn og plasteinangrun. Aðeins einn starfsmaður er nú hjá Úlfinum, sem að sögn Guðmundar er að leggja af áðurnefnda starfsemi. **gar@frettabladid.is**

Leiðtogi norsku Vítisenglanna:

# Handtekinn í miðborg Osló

**NOREGUR** Leiðtogi Hells Angels í Noregi, Leif Ivar Kristiansen, var handtekinn í miðborg Osló í gær í umfangsmiklum aðgerðum norsku lögreglunnar. Norska blaðið Aftenposten segir að lögreglan hafi að undanförnu rannsakað Leif Ivar og beindust aðgerðirnar meðal annars að ýmsum fyrirtækjum í Þrándheimi, Lillehammer og Tromsø, sem hann tengist. Blaðið segir að Leif Ivar verði ákærður fyrir fíkniefnasölu, líkamsárásir og hótanir.



LEIF IVAR KRISTIANSEN

Leif Ivar kom til Íslands, ásamt lögmanni sínum, hinn 8. febrúar á síðasta ári en var þá handtekinn og sat í gæsluvarðhaldi þar til honum var vísað úr landi daginn eftir.

Íslenski vélhjólaklúbburinn MC Iceland fékk inngöngu í Hells Angels um helgina. Meðlimir klúbbsins ætluðu að heimsækja norska félaga sína í klúbbnum í Noregi um helgina en var meinuð innganga inn í landið.

Erlent tökulið á Tröllaskaga:

# Íslensk fjöll í aðalhlutverki

**FÓLK Einn þekktasti skíðakvikmyndaframleiðandi heims, Teton Gravity Research, dvelur nú hérlendis við upptökur á skíðakvikmynd sem tekin verður til sýninga vestanhafs í haust.**

**Upptökurnar fara fram á Tröllaskaga. Stærsti snjóstökkpallur sem troðinn hefur verið hérlendis verður meðal annars gerður fyrir norðan, í þúsund metra hæð í hlíðum Kaldbaks. Íslenskir og erlendir aðilar koma að verkefninu.** **- jma / sjá Allt í miðju blaðsins**




Bensínverð hækkaði um 5 krónur á lítrann í gær og er komið yfir 230 krónur:

# Íslandsmet slegið í bensínverði

**NEYTENDUR** Olíufélögin hækkuðu bensínverðið um fimm krónur lítrann í gærmorgun. Kostar nú lítrinn af 95 oktana bensíni í kringum 232 krónur hjá þeim öllum. Lítrinn af dísilolíu kostar um 237 krónur. Atlantsolía rukkar um 227 krónur á lítrann af 95 oktana bensíni.

„Nú er búið að ná þeim mörkum sem almenningur virðist hafa getu og þol til að una við,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda. „Við skorum á stjórnvöld að grípa hratt og örugglega til aðgerða. Þetta er farið að skaða samfélagið og við sjáum að umferð er farin að dragast saman. Og þeir sem koma verst út úr þessum hækkunum eru barnafjölskyldur og þeir sem þurfa að sækja sér þjónustu um langan veg.“

Stjórnvöld í Bandaríkjunum munu ákveða á næstunni hvort nýta eigi varabirgðir af olíu til þess að hægja á þeim hröðu hækkunum sem hafa verið á heimsmarkaðsverði á olíu að undanförnu. Ákvörðunin mun meðal annars byggja á magni innflutnings af hráolíu til Bandaríkjanna.

Verð á hráolíu lækkaði þó í gær í kjölfar yfirlýsinga frá samtökum olíuframleiðsluríkja um að þau ætluðu hugsanlega að auka framleiðslu sína. **- sv**




**BENSÍNVERÐ Í DAG** Eldsneytisverð rauf 230 króna múrinn í gær þegar olíufélögin hækkuðu lítraverðið um fimm krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Algengasta eldsneytisverðið í gær**

| Fyrirtæki | 95 okt / lítri | Dísil / lítri |
|---|---|---|
| Orkan (Skeljungur) | 225.60 kr. | 230.50 kr. |
| Atlantsolía | 225.70 kr. | 230.60 kr. |
| ÓB (Olís) | 231.70 kr. | 236.60 kr. |
| Shell | 231.90 kr. | 236.80 kr. |
| Olís | 231.90 kr. | 236.80 kr. |
| N1 | 231.90 kr. | 236.80 kr. |


Eyra fyrir tónlist!
**Sigurður Guðmundsson** tónlistarmaður er með **Shazam** í farsímanum sínum. Ef hann veit t.d. ekki hvað lagið heitir sem hann er að hlusta á getur hann látið Shazam kalla fram heiti lagsins. Shazam er eitt vinsælasta tónlistarforritið fyrir farsíma í heiminum í dag. Það geta allir fengið Shazam í farsímann sinn í gegnum App Store, Android Market og Ovi Store. Þú getur líka komið við í næstu verslun Nova og við græjum Shazam í farsímann fyrir þig!
**Facebook**, **GuitarToolkit** og **Find My iPhone** eru líka í uppáhaldi hjá Sigga.
**Láttu Nova græja upp farsímann þinn!**
Netið í símann!
Fylgir í áskrift 150 MB/mán.
20 kr. í frelsi 5 MB/dag
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

## GENGIÐ 8.3.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,71 | 116,27 |
| Sterlingspund | 187,06 | 187,96 |
| Evra | 161,02 | 161,92 |
| Dönsk króna | 21,589 | 21,715 |
| Norsk króna | 20,732 | 20,854 |
| Sænsk króna | 18,195 | 18,301 |
| Japanskt jen | 1,4024 | 1,4106 |
| SDR | 182,14 | 183,22 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

217,0715

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þjóðaratkvæðagreiðsla utan kjörfundar um Icesave-lögin hefst eftir viku:

# Vísað á vef Alþingis um upplýsingar

**STJÓRNMÁL** Innanríkisráðuneytið auglýsti í gær þjóðaratkvæðagreiðsluna um Icesave sem fram fer laugardaginn 9. apríl.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst miðvikudaginn 16. mars. Í auglýsingunni er upplýst hvernig spurt verður í atkvæðagreiðslunni og vakin athygli á því að á heimasíðu Alþingis, althingi.is, sé að finna öll skjöl er varða meðferð Icesave-frumvarpsins á þinginu.

Icesave-lögin, sem Alþingi samþykkti 16. febrúar en forsetinn synjaði staðfestingar, verða send kjósendum auk kynningarefnis. - bþs

### Eiga lög nr. 13/2011 að halda gildi?

**Í atkvæðagreiðslunni verður spurt um eftirfarandi:**

Lög nr. 13/2011 kveða á um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

Lögin voru samþykkt á Alþingi hinn 16. febrúar 2011 en forseti Íslands synjaði þeim staðfestingar. Eiga lög nr. 13/2011 að halda gildi?

**Svarkostirnir eru:**

- Já, þau eiga að halda gildi.
- Nei, þau eiga að falla úr gildi.

687 húsaleigusamningar:

# Samdráttur á leigumarkaði

**LEIGUMARKAÐUR Þinglýstum leigusamningum um íbúðarhúsnæði hér á landi fækkaði um 22,3 prósent í febrúar miðað við fyrri mánuð. Í tölum Þjóðskrár kemur fram að 687 leigusamningum var þinglýst í febrúar en 741 samningi í janúar. Um 7 prósenta samdráttur varð miðað við febrúar í fyrra, þegar 884 samningum var þinglýst.**

**Fjöldi leigusamninga hefur þó verið nokkuð stöðugur síðustu ár, en rúmlega tvöfaldun varð á markaðinum frá 2008 til 2009. - þj**



**HREFNUVEIÐAR** Menntaðar hrefnuskyttur hafa frest til 10. apríl til að sækja um veiðileyfi til ráðuneytisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hrefnuveiðileyfi auglýst:

# Krafa um aflífunarnámskeið

**HVALVEIÐAR** Umsóknarfrestur um leyfi til hrefnuveiða stendur yfir til 10. apríl.

Gert er að skilyrði að hið minnsta einn úr áhöfn hvers hrefnuveiðibáts hafi þriggja mánaða samfellda reynslu af því að starfa sem skytta á hrefnuveiðum.

Til að fá leyfi þarf hrefnuskyttan að hafa sótt námskeið í meðferð skutulbyssa, sprengiskutla og aflífun hvala, auk þess að hafa fullnægjandi skotvopnaleyfi. - pg

Ákærðir fyrir ýmis brot:

# Stal Filippo Berio ólífuolíu

**DÓMSMÁL Tveir menn um tvítugt hafa verið ákærðir fyrir ýmis brot. Annar þeirra stal meðal annars flösku af Filippo Berio ólífuolíu úr Skagfirðingabúð á Sauðarkróki. Sami maður braust inn í bíl og stal þaðan peningum.**

**Báðum er mönnunum gefið að sök að hafa stolið bíl á Króknum og farið á honum til Reykjavíkur og til baka.**

**Hinum piltinum er svo gefið að sök að hafa ekið stolna bílnum til og frá Reykjavík án þess að hafa til þess réttindi. - jss**

# Kæru Geirs vísað frá dómi

**Landsdómur tekur ekki afstöðu til þess hvort Geir H. Haarde teljist aðili að gagnaöflunarmáli saksóknara Alþingis heldur vísar kæru hans frá. Tekist er á um hvort forsætisráðuneyti beri að afhenda tölvupóst.**

**LANDSDÓMUR** Landsdómur vísaði í gær frá dómi kröfu verjanda Geirs H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, um að hann teldist eiga aðild að gagnaöflunarmáli saksóknara Alþingis.

Héraðsdómur hafði áður úrskurðað að verjandi Geirs fengi ekki að nota tækifærið og krefjast frávísunar málsins í heild þegar saksóknari krafðist þess fyrir dómi að fá afhent gögn frá þjóðskjalasafninu. Um er að ræða þau gögn sem lágu til grundvallar niðurstöðu rannsóknarnefndar Alþingis vegna bankahrunsins.

Landsdómur tók ekki afstöðu til dóms héraðsdóms, heldur komst að þeirri niðurstöðu að niðurstöðu dómsins hafi ekki verið unnt að kæra til landsdóms.

Eftir að úrskurðurinn var kveðinn upp í gær var tekist á um það fyrir landsdómi hvort forsætisráðuneytinu bæri að fallast á þá kröfu Sigríðar Friðjónsdóttur, saksóknara Alþingis, að afhenda tölvupóst Geirs H. Haarde. Sigríður hefur farið fram á að fá allan póst Geirs frá því hann tók við sem forsætisráðherra árið 2006.

Sigríður sagði fyrir dóminum í gær nauðsynlegt að fá tölvupóstinn til að undirbyggja málið. Gera yrði kröfu um að sönnunargögn á borð við slíkan póst yrðu lögð fram fyrir landsdóm, ekki dygði að leggja fram skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis þótt hún byggði að nokkru leyti á innihaldi tölvupóstsins.

Einar Karl Hallvarðsson, lögmaður forsætisráðuneytisins, sagði ekki skýrt í þessu tilviki hvort ráðuneytinu beri að afhenda tölvupóstinn. Hann sagði ráðuneytinu bera að stíga varlega til jarðar og því væri eðlilegt að fá afstöðu landsdóms til þess hvort bæri að afhenda gögnin.

Andri Árnason, verjandi Geirs, krafðist þess í gær að málshöfðunin gegn Geir yrði felld niður á þeim forsendum að kosning saksóknara Alþingis hefði ekki verið í samræmi við lög.

Hann krafðist þess einnig að kröfu um afhendingu tölvupósts yrði annaðhvort vísað frá dómi eða hafnað. Vísaði Árni meðal annars til þess að mál ætti að vera fullrannsökuð þegar ákveðið væri að ákæra, auk þess sem farið væri fram á gögn allt frá árinu 2006, löngu áður en þeir atburðir sem ákæran sneri að hefði átt sér stað.

Nú er beðið niðurstöðu landsdóms í þessum þætti málsins. Engin ákvæði eru um það í lögum um landsdóm að dómurinn þurfi að úrskurða í málum innan ákveðins tímafrests. Í hefðbundnum sakamálum ber dómstólum að kveða upp dóma innan fjögurra vikna. Sigríður segir þó líklegt að landsdómur virði þau tímamörk. brjann@frettabladid.is



**FYRIR DÓMI** Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, flutti mál sitt fyrir landsdómi í gær. Dómarar eru fimmtán talsins, sjö sátu á fremri bekk og átta á þeim aftari. Fremri bekkinn skipuðu hæstaréttardómararnir fimm sem sæti eiga í landsdómi, auk dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur og löglærðs fulltrúa Háskóla Íslands. Átta fulltrúar sem kjörnir voru af Alþingi sátu á aftari bekk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Ekki ákveðið laun

Landsdómur á sjálfur að ákveða laun dómaranna fimmtán samkvæmt lögum um dóminn. Þorsteinn A. Jónsson, skrifstofustjóri Hæstaréttar og ritari dómsins, segir launakjör ekki hafa komið til tals á fundum dómenda. Hann segir að líklega verði ekki tekin ákvörðun um þóknun til dómara fyrr en eftir að málarekstri fyrir dóminum sé lokið.

Samfylkingarfélagið í Reykjavík

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík árið 2011 verður haldinn miðvikudaginn **16. mars kl. 20 á Hallveigarstíg 1.**

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf.
Tillögu um lagabreytingar og tillögu uppstillingarnefndar er hægt að nálgast á skrifstofu SffR og á www.sffr.is

*Stjórnin*

SffR

## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**ÁFRAM KALT**
Krakkar og aðrir vetrarunnendur kætast þessa dagana því snjórinn er kominn til að vera í bili. Það verður svalt í veðri en bjast má við björtu og fallegu veðri sunnan- og vestantil. Þá er um að gera að klæða sig vel og njóta útiveru í snjónum meðan hann varir.





**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 11° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 9° |
| Mallorca | 14° |
| New York | 6° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 1° |
| París | 13° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is


ÚRVALIÐ ER
í Flísa- & Baðmarkaðnum
NAPOLI hitastýrt sturtusett
29.900
FC 519 Sturtuhorn m. botni 80x100 cm
39.900
Vinstri og hægri opnun
FC 517 Sturtuhorn m. botni 80x80 cm
45.900
Sturtuklefi 80x80x195cm með botni, vatnslás og botnventli
41.900
Einnig fánlegur í 90x90x195cm
EURO handklæðaofn kúptur króm 50x120 cm
17.990
MILAN sturtuhorn 80x80 cm með botni
27.900
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
NAPOLI hitastýrð blöndunartæki fyrir sturtu
11.900
FC 503 Sturtuhorn m. botni 90x90 cm
49.900
FC 504 Sturtuhorn 90x90 cm
29.900
ADELL sturtusett
2.995
FC 512 Sturtuhorn m. botni 145x80 cm
59.900
Flísa&Bað
MARKAÐURINN
Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opið mán. - fös. 10-18, laugard. 11-16.

## KJÖRKASSINN



*Stundar þú verslun eða viðskipti í 101 Reykjavík?*

| | |
|---|---|
| Já | 19,6% |
| Nei | 80,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ferðast forsetinn of mikið?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Yfirlýsing frá lögmanni Stefáns Thordersen, fyrrverandi yfirmanns öryggissviðs á Keflavíkurflugvelli:

# Dómgreindarleysi að fara nakinn í pottinn

**DÓMSMÁL** „Allt sem kom fram um meinta kynferðislega áreitni í dómi Héraðsdóms Reykjaness er algjörlega ósannað og byggt á einhliða aðilaskýrslu stefnanda málsins sem átti fjárhagslegra hagsmuna að gæta í málinu,“ segir í yfirlýsingu frá Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni, lögmanni Stefáns Thordersen, fyrrverandi yfirmanni öryggissviðs á Keflavíkurflugvelli. „Stefán hefur alfarið hafnað því að þessir atburðir hafi gerst með þeim hætti sem lýst er í dómi héraðsdóms. Það eina sem Stefán segist hafa sér til sakar unnið er að hafa í umrætt sinn farið nakinn í heitan pott. Eftir atvikum var það dómgreindarleysi hjá Stefáni.“

> Það eina sem Stefán segist hafa sér til sakar unnið er að hafa í umrætt sinn farið nakinn í heitan pott. Eftir atvikum var það dómgreindarleysi hjá Stefáni.
>
> ÚR YFIRLÝSINGU LÖGMANNS STEFÁNS THORDERSEN

Stefáni var sagt upp störfum hjá Isavia á mánudag. Héraðsdómur Reykjaness komst að þeirri niðurstöðu í febrúar að Isavia bæri að greiða samstarfskonu Stefáns tæpar tvær milljónir króna í miskabætur og vinnutap. Stefán hefði áreitt konuna kynferðislega í vinnutengdri sumarbústaðaferð í mars árið 2009. Hann hefði farið nakinn í heitan pott fyrir framan hana og ruðst inn í svefnherbergi hennar um nóttina. Konan tilkynnti atvikið strax og í kjölfarið var hún færð til í starfi innan fyrirtækisins. **- sv**



**LEIFSSTÖÐ** Stefán var rekinn úr starfi sem yfirmaður öryggissviðs á Keflavíkurflugvelli. Hann var í veikindaleyfi þegar honum var sagt upp og hyggst leita réttar síns. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Verður lúxushótel í sérflokki:

## Loka D'Angleterre vegna endurbóta

**DANMÖRK Nýir eigendur ætla að gjörbylta hótelinu D'Angleterre við Kóngsins Nýjatorg í Kaupmannahöfn.**

**Hótelið verður lokað frá júní í sumar og fram í febrúar á næsta ári vegna endurbóta. Eftir endurbætur verða þar 86 herbergi í stað 101 og mun fleiri svítur en nú er. „Eigendurnir vilja fá lúxushótel í sérflokki,“ segir stjórnarformaðurinn, Thomas Salicath, við dönsku ferðamálavefsíðuna Takeoff.dk.**

**Gamli Landsbankinn seldi D'Angleterre til Remmen Fonden í janúar á þessu ári. Þar með komst hótelið í eigu sömu aðila og áttu það áður en Gísli heitinn Reynisson eignaðist það á árinu 2007.** **- pg**

Samtök lífrænna neytenda:

## Húsið fylltist á fyrsta fundi

**NEYTENDUR** Samtök lífrænna neytenda voru stofnuð í Norræna húsinu á mánudag. Hátt á annað hundrað manns sóttu fundinn.

Markmið samtakanna er meðal annars að efla miðlun upplýsinga um lífrænar afurðir og framleiðslu þeirra, vekja athygli á nauðsyn bættrar meðferðar búfjár og stuðla almennt að heilbrigðum lífsstíl. **- sv**

**LANDSKJÖRSTJÓRN**

### Freyr Ófeigsson formaður

Landskjörstjórn hefur kosið Frey Ófeigsson, fyrrverandi dómstjóra Héraðsdóms Norðurlands eystra, formann sinn og Sigrúnu Benediktsdóttur lögmann varaformann. Aðrir í landskjörstjórn eru Ástráður Haraldsson lögmaður, Björn Jósef Arnviðarson sýslumaður og Jakob Björnsson framkvæmdastjóri.

# Fá 1,6 milljónir fyrir að leysa forsetann af

**Þrír staðgenglar forseta Íslands fengu um 1,6 milljónir króna í aukagreiðslur á síðasta ári vegna utanlandsferða forsetans. Hífir laun forsætisráðherra úr 935 þúsundum í 1.067 þúsund. Greiðslur lækkuðu ekki þótt laun forsetans lækkuðu.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig er launagreiðslu til handhafa forsetavalds í fjarveru forsetans háttað?

Þremenningarnir sem fara með forsetavald þegar Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er ekki á landinu fá um 20 þúsund krónur fyrir hvern dag sem forsetinn er erlendis. Á síðasta ári fékk hver þeirra um 1,6 milljónir króna í aukagreiðslur vegna þessa.

Í fjarveru forsetans eru forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar handhafar forsetavalds. Fyrir það fá þeir greiðslur sem koma af fjárheimildum embættis forseta. Hver þremenninganna fær þriðjung af launum forsetans fyrir þá daga sem hann er erlendis.

Snemma árs 2009 lækkuðu laun Ólafs Ragnars Grímssonar úr rúmlega 1,8 milljónum á mánuði í ríflega 1,5 milljónir króna, eða um fimmtán prósent. Launin lækkuðu að ósk Ólafs Ragnars, í hlutfalli við launalækkun ráðherra í ríkisstjórninni.

Handhafar forsetavalds hafa ekki óskað eftir sambærilegri launalækkun, og fær hver þeirra því áfram þriðjung af launum Ólafs eins og þau voru fyrir lækkunina.

Þetta kom í ljós við yfirferð yfir ársreikning embættis forseta Íslands nýverið, segir Árni Sigurjónsson, skrifstofustjóri hjá embættinu. Hann segir að gerð hafi verið skrifleg athugasemd vegna þessa, en kannaðist ekki við að svar hafi borist. Laun allra starfsmanna embættis forseta lækkuðu eftir hrunið.

Staðgenglar forseta fá um 20 þúsund krónur fyrir hvern dag sem Ólafur Ragnar er erlendis. Á síðasta ári var hann utan landsteinanna í 79 daga. Handhafar forsetavalds fengu því hver um sig tæplega 1,6 milljónir króna í aukagreiðslur á síðasta ári. Það jafngildir 132 þúsunda króna launauppbót í hverjum mánuði.

Það sem af er ári hefur Ólafur Ragnar verið 22 daga erlendis. Það skilar handhöfum forsetavalds um 440 þúsund króna launauppbót.

brjann@frettabladid.is

### Frumvarpið sofnaði Þyrnirósarsvefni

Jóhanna Sigurðardóttir lýsti þessum greiðslum þannig á blaðamannafundi 19. júní 2009 að þær væru „2007“. Í kjölfarið sagðist hún ætla að beita sér fyrir því að þær yrðu afnumdar.

Við nánari skoðun kom í ljós að kveðið var á um greiðslur til handhafa forsetavalds í fjarveru forseta í stjórnarskrá. Efnahags- og skattanefnd lagði því fram frumvarp í ágúst 2009 þar sem lagt var til að greiðslurnar yrðu skertar um 80 prósent. Frumvarpið fór í gegnum fyrstu umræðu í þinginu og til nefndarinnar aftur. Þar sofnaði það þyrnirósarsvefni og hefur ekki verið vakið upp að nýju þegar þetta er skrifað, einu og hálfu ári síðar.



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR




Íslendingar koma fyrr út úr kreppunni en Írar, segir fyrrverandi viðskiptaráðherra:

# Írar tapa á fasteignabólunni

**EFNAHAGSMÁL** Kostnaður hins opinbera við að forða Seðlabankanum frá gjaldþroti eftir bankahrunið veldur því að beinn kostnaður íslenska ríkisins vegna taps í fjármálakerfinu sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er álíka mikill og það kostar Íra að bjarga bönkunum.

Þetta kom fram í máli Gylfa Magnússonar, dósents við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og fyrrverandi efnahags og viðskiptaráðherra.

Gylfi var með erindi í Háskóla Íslands í gær þar sem hann fór yfir muninn á afleiðingum efnahagshruns landanna.

Gylfi benti á að sökum þess að írska ríkisstjórnin hafi ábyrgst bankakerfið fremur en innstæður í bönkum líkt og hér og láta kröfuhafa taka á sig afskriftir, verði írska ríkið að öllu óbreyttu að taka á sig tugmilljarða evra tjón vegna væntanlegra tapaðra útlána bankanna til fasteignaverkefna. Þetta geti valdið því að áhætta írska ríkisins á næstu árum sé af þeim sökum mun meiri en þess íslenska.

Þá sagði Gylfi írska hagkerfið illa farið eftir hrunið og líkur á að það muni safna skuldum út áratuginn. Á sama tíma er gert ráð fyrir að hið opinbera hér skili afgangi árið 2013. **- jab**



**FRÁ FUNDINUM** Sökum efnahagslegrar óstjórnar á Írlandi á árum áður var landið nefnt „veiki maðurinn í Vestur-Evrópu,“ segir Gylfi Magnússon. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Þú...
... getur leitað lausna í samstarfi
við okkur.
HVAÐ GETUM VIÐ GERT FYRIR ÞIG?
Við bjóðum viðskiptavinum okkar sértækar
lausnir á greiðsluvanda heimilsins.
Lítill greiðsluvandi:
Greiðslujöfnun
110% leiðin
5.000 kr. fastar greiðslur í erlendri mynt
Meðal greiðsluvandi:
Lenging lánstíma
Frysting vaxta og/eða afborgunarhluta
Vanskil lögð við höfuðstól
Mikill greiðsluvandi:
Sértæk skuldaaðlögun
Kynntu þér lausnir fyrir heimilin á byr.is. Með persónulegri
þjónustu reynum við að finna lausnina fyrir þig.
Sími 575 4000 | byr@byr.is | www.byr.is
BYR
Dynamo Reykjavík

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað var forseti Íslands marga daga í útlöndum á síðasta ári?*
2. *Hvað heitir fíkniefnaleitarhundurinn sem þefaði uppi eiturlyf á Vestfjörðum um helgina?*
3. *Rekstur hvaða fjármálastofnunar rann inn í Landsbankann á mánudag?*

**SVÖR**

*1. Sjötíu og níu. 2. Dollar. 3. Spkef.*

Skorað á borgaryfirvöld að draga sameiningar leikskóla til baka:

# Segja grasrótarstarfi stefnt í hættu

**SKÓLAMÁL** Leikskólastjórnendur í Reykjavík eru efins um að víðtækar sameiningar stofnana muni koma til með að skila fjárhagslegum ávinningi og segja meiri möguleika felast í samráði við fagfólk.

Hópur leikskólastjórnenda gekk fylktu liði á fund Jóns Gnarr borgarstjóra í gær og afhentu áskorun vegna hinna umdeildu hugmynda um sameiningar leikskóla sem voru kynntar fyrir helgi.

„Okkar skilaboð voru þau að hér á leikskólum borgarinnar væri unnið gott starf á hagkvæman hátt,“ sagði Elín Erna Steinarsdóttir, talskona leikskólastjóra, í samtali við Fréttablaðið.

Hún bætti því við að öflugt grasrótarstarf væri unnið í skólunum og því væri stefnt í hættu fyrir takmarkaðan ávinning. Vinna að nýrri stefnumótun þyrfti að fara fram utan venjulegs vinnutíma á leikskólunum, að sögn Elínar, og ef nokkur ávinningur væri af sameiningum, myndi hann fara fyrir lítið í þá vinnu.

Hún segir leikskólastarfsfólk vera tilbúið til að vinna með borginni að sparnaðarhugmyndum.

„Við höfum mjög ráðagóðar konur sem hafa mikla reynslu í að finna góðar lausnir í erfiðum stöðum“. - þj



**ÁSKORUN** Leikskólastjórar vilja að borgaryfirvöld dragi til baka hugmyndir um sameiningar leikskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Álit um mannréttindaráð:

## Fóru ekki út fyrir verksvið

**REYKJAVÍK Mannréttindaráð fór ekki út fyrir verksvið sitt þegar það kom með tillögur að breytingum um samskipti skóla og trúfélaga. Ástæðan er sú að menntaráð samþykkti tillögurnar. Kemur þetta fram í áliti borgarlögmanns sem fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarráði óskuðu eftir.**

**Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, sagði mannréttindaráð ekki hafa stefnumarkandi hlutverk og því síður boðvald yfir öðrum ráðum borgarinnar. Því var farið fram á að borgarlögmaður færi yfir hlutverk ráðsins í framhaldinu.**

**Fulltrúar flokksins hafa óskað eftir ítarlegri skoðun borgarlögmanns á málinu.** - sv



**GLEÐI Á GÓÐUM DEGI** Hljómalindarreiturinn var þétt skipaður á alþjóðlegum baráttudegi kvenna í gær, 8. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Baráttudegi kvenna fagnað:

## Sögulegum áfanga náð

**SAMFÉLAGSMÁL** Fjöldi manns kom saman við Hljómalindarreitinn í gærdag til að fagna sameiningu UNIFEM og þriggja systurstofnana innan Sameinuðu þjóðanna. Nýja stofnunin hefur hlotið nafnið UN Women og tók formlega til starfa á alþjóðavísu 24. febrúar síðastliðinn við mikinn stjórnufans í New York.

Í tilkynningu segir að um sögulegan áfanga kvenréttindabaráttunnar sé að ræða. Við hátíðarhöldin í dag var samstarf UN Women við Kitty Von Sometime og Weird Girls Project kynnt. Þá ávarpaði fjallkonan gesti. Lúðrasveit og fylking fólks, þar á meðal Evrópumeistarar í fimleikum, Gerplustelpurnar, gengur frá Lækjartorgi. - sv

# Hefðu getað afskrifað meiri skuldir hjá fólki

**Mikill hagnaður bankanna sýnir, að mati Lilju Mósesdóttur, formanns viðskiptanefndar Alþingis, að hægt hefði verið að gera betur en í 110 prósenta afskriftarleið. Há laun bankastjóra sýni að þörf sé á sérstökum skatti á ofurtekjur.**

**VIÐSKIPTI** Rætt verður á fundi viðskiptanefndar Alþingis í dag hvort tilefni sé til að kalla fyrir nefndina stjórnarformenn Íslandsbanka og Arion banka. Lilja Mósesdóttir, þingmaður Vinstri grænna og formaður nefndarinnar, segir vonir hafa staðið til að hægt yrði að ræða þau mál á fundi nefndarinnar í gær, en þá komu á fund hennar fulltrúar bankans til að fara yfir ársreikninga bankanna.



**LILJA MÓSESDÓTTIR**

„Við fengum mjög greinargóðar skýringar varðandi hagnað bankanna og hvernig hann er til kominn,“ segir Lilja og vísar til þess að 14,3 milljarðar króna af hagnaði Arion banka séu vegna endurmats á eignum og 13 milljarðar hjá Íslandsbanka. „Þetta segir okkur að bankarnir eru að afskrifa minna en þeir bjuggust við.“ Hagnaðinn segir hún fara inn í bankann sem aukið eigið fé og endi síðan í vasa kröfuhafa bankanna. „Það er ekki það sem við myndum vilja sjá, sérstaklega í ljósi þess að hér eiga mörg heimili í erfiðleikum með að láta enda ná saman og mörg fyrirtæki í hægagangi vegna skuldsetningar. Við hefðum viljað sjá þetta fara til viðskiptavina bankanna,“ segir hún og telur að ræða þurfi við bankana hvort rétt hefði verið að fara neðar með afskriftaprósentu en gert var í svokallaðri 110 prósenta leið í skuldaafskriftum.

Lilja áréttar þó að hún hafi ekkert á móti hagnaði í bankarekstri. „En hann á að koma sem rekstrarafgangur, en í raun er rekstrarkostnaður að aukast hjá bönkunum, meðal annars vegna þess að laun eru að hækka og starfsfólki að fjölga. Þetta er þvert á það sem ætlunin var að ná fram, sem er minna bankakerfi.“



**TUNNUMÓTMÆLI Í JANÚAR** Núna standa yfir nefndadagar á Alþingi en þá er stíft fundað í hinum ýmsu nefndum þingsins. Vera má að stjórnarformenn Arion banka og Íslandsbanka verði kallaðir fyrir viðskiptanefnd til að ræða laun bankastjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Þetta segir okkur að bankarnir eru að afskrifa minna en þeir bjuggust við.
>
> **LILJA MÓSESDÓTTIR**
> FORMAÐUR VIÐSKIPTANEFNDAR OG ÞINGMAÐUR VG

Um leið segir Lilja ljóst að hér sé við lýði kapítalískt hagkerfi og því ekki hægt að skipta sér af rekstri bankanna með beinum hætti. Meðal annars sé það ástæðan fyrir því að hún hafi stungið upp á sérstakri skattlagningu á laun yfir einni milljón króna. Hugmyndin hafi fengið góðar undirtektir í þingliðinu þótt sumum hafi þótt ein milljón fulllág tala, ekki hafi verið ætlunin að leggja sérstakan skatt á stéttir á borð við sjómenn og lækna.

„Hugmyndin er að ná þeim sem eru með tvær, þrjár og fjórar milljónir í laun.“ Lilja telur því raunhæft að hefja sérstaka skattlagningu á laun á bilinu 1,2 til 1,5 milljónir króna á mánuði og láta skattprósentuna ná allt að 70 prósentum. „En þetta yrði svona symbolískur skattur. Ríkið fær ekki rosalegar tekjur af þessu,“ segir hún en telur um leið eðlilegt að þeir sem hæstar hafi tekjurnar beri mestan kostnað af endurreisn þjóðfélagsins. Það hafi til dæmis verið gert í Bandaríkjunum eftir seinna stríð.

olikr@frettabladid.is


**LÖGREGLUFRÉTTIR**


### Átta líkamsárásir kynntar

Átta líkamsárásir voru tilkynntar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Þrjár þeirra áttu sér stað í miðborginni en hinar á ýmsum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Í einni þeirri skarst karl á þrítugsaldri illa í andliti í átökum við mann á svipuðum aldri á skemmtistað aðfaranótt laugardags.




MP Reykjavíkurskákmótið 2011

Í Ráðhúsi Reykjavíkur, 9.-16. mars

Fylgstu með stærsta og fjölmennasta Reykjavíkurskákmótinu frá upphafi. Á mótinu keppa um 30 stórmeistarar og eru þar á meðal margir af þekktustu og sterkustu skákmönnum heims. Teflt er í Ráðhúsinu og hefjast skákirnar kl. 16:30.

**Taktu þátt í skemmtilegri getraun á staðnum. Þú gætir unnið gjafakort frá MP banka.**

SKÁKSAMBAND ÍSLANDS STOFNAÐ 1925

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is


Birte Rønn Hornbech rekin úr dönsku ríkisstjórninni eftir harða gagnrýni:

# Hafði brotið alþjóðasamninga

**DANMÖRK, AP** Birte Rønn Hornbech var rekin úr ríkisstjórn Danmerkur í gær. Fáeinum klukkustundum síðar sagði Tina Nedergård af sér sem menntamálaráðherra, og bar við persónulegum ástæðum.

Lars Løkke Rasmussen forsætisráðherra sá sér ekki annað fært en að víkja Hornbech úr stjórninni nú, fáum mánuðum fyrir þingkosningar. Hún var innflytjendaráðherra en hafði gerst sek um að neita ríkisfangslausum Palestínumönnum um danskt ríkisfang, þvert á reglur Sameinuðu þjóðanna þar um.

Stjórnarandstaða vinstri flokkanna hafði harðlega gagnrýnt Hornbech vegna málsins.

Alls hafði Hornbech neitað 36 Palestínumönnum um danskan ríkisborgararétt. Allir voru þeir fæddir í Danmörku og langflestir börn palestínska innflytjenda.

Hornbech fór með mál þeirra eins og annarra umsækjenda um ríkisborgararétt, en samkvæmt alþjóðasamningum um ríkisfangsleysi og réttindi barna, sem Danmörk er aðili að, átti að veita þeim undanþágu. - gb



**BIRTE RØNN HORNBECH** Innflytjendaráðherra dönsku stjórnarinnar veitti börnum Palestínumanna ekki lögmæta undanþágu. NORDICPHOTOS/AFP

# Eitt flottasta úrval landsins

TILBOÐ!

# BAÐINNRÉTTINGAR


32.900*
P-7197 55x32 sm


23.800*
P-7202 44x24 sm


32.900*
P-9042 46x26 sm

ALLIR VINNA
allirvinna.is

* Blöndurnartæki fylgja ekki þessum innréttingum


CT baðinnrétting 55 sm 59.900*


WLU 125 45 x 30 sm 15.900*







WC upphengt með öllu frá kr. 29.900


MJÚKLOKANDI SETA
WC í gólf 21 sm í stút 15.900


MJÚKLOKANDI SETA
WC með stút í vegg 15.900

2 GERÐIR • 4 STÆRÐIR

# STURTUhorn

til afgreiðslu af lager

Hert öryggisgler • Sturtubotn og vatnslás fylgja


24.900
HERT ÖRYGGISGLER

RÚNNAÐUR STÆRÐIR: 80x80 og 90x90


23.900
HERT ÖRYGGISGLER

KANTAÐUR STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!


Verð frá 27.900

BAÐHLÍFAR nokkrar stærðir og gerðir


160x70 sm 170x70 sm


150x75 sm 160x75 sm 170x75 sm

BAÐKÖR Verð frá 26.800 Emilerað stál / Fætur fylgja

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tvöföld forsetalaun greidd hvern dag sem forseti Íslands er í útlöndum:

## Vitlaust kaupaukakerfi

Fréttablaðið sagði frá því í gær að ferðalögum forseta Íslands til útlanda væri farið að fjölga á ný. Ferðagleði forsetans náði hámarki árið 2007, þegar hann var meira en þriðjung ársins erlendis, en eftir bankahrunið snarfækkaði utanferðum hans og árið 2009 var forsetinn ekki nema rúmar sjö vikur í burtu. Í fyrra var hann hins vegar tæpa áttatíu daga erlendis og hefur verið utan landsteinanna þriðjung þess sem af er nýju ári.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Fólk getur haft ýmsar skoðanir á tíðum utanferðum forsetans; margar eru þær sjálfsagt nauðsynlegar og aðrar gera minna gagn. Hins vegar varpar umfjöllunin ljósi á sérkennilega hliðarverkun ferðalaga forsetans, sem fólk hefur áður hneykslazt á en breytist þó ekki neitt. Fyrir hvern dag sem forsetinn er erlendis eru greidd tvöföld forsetalaun. Forsetinn heldur náttúrlega sínum launum og svo skipta handhafar forsetavalds, forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar, með sér öðrum forsetalaunum – og raunar ríflega það, því að þeir fá greidd forsetalaun eins og þau voru áður en forsetinn tók á sig launalækkun eins og aðrir æðstu embættismenn. Miðað við að forsetinn hafi verið 80 daga í burtu í fyrra hefur hver og einn handhafanna fengið yfir 130.000 króna kaupauka á mánuði að meðaltali.

Þannig standa laun forsætisráðherra ekki í raun í hinni heilögu tölu 935 þúsund krónum, sem allar ákvarðanir um laun hátt settra ríkisstarfsmanna eiga að miðast við, heldur eru þau yfir milljón og geta enn hækkað ef forsetinn er duglegur að ferðast.

Forsætisráðherrann og forsetar þings og Hæstaréttar eiga auðvitað að vera á góðum launum. En þetta hlýtur að vera eitthvert vitlausasta kaupaukakerfi í heimi; að laun þessara embættismanna hækki í takti við ferðagleði forseta landsins.

Allar forsendur eru gjörbreyttar frá því að núverandi stjórnarskrár- og lagaákvæði um afleysingar fyrir forsetann voru sett. Forsetinn er í fyrsta lagi miklu meira í burtu en nokkur gat þá ímyndað sér. Í öðru lagi getur hann verið í sambandi og sinnt ýmsum skyldum þótt hann sé á ferðalagi. Í þriðja lagi lendir lítil vinna á handhöfunum þótt forsetinn sé í burtu. Þeir geta lent í því að skrifa upp á pappíra, sem er ekki mjög erfitt eða tímafrekt. Ræðuhöldin, móttökurnar og verðlaunaafhendingarnar sem eru hið daglega strit forsetans lenda hins vegar ekki á handhöfunum.

Eins og fram kemur í Fréttablaðinu í dag hét Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra því að beita sér fyrir að þetta undarlega kerfi yrði afnumið. Efnahags- og skattanefnd lagði til á þingi haustið 2009 að laun handhafanna yrðu lækkuð um 80 prósent. Frumvarpið dagaði uppi í þinginu. Í þeim litlu umræðum sem voru um það létu sumir þingmenn í ljós efasemdir um að það stæðist ákvæði stjórnarskrár, þar sem segir að ekki megi lækka laun forsetans á kjörtímabili hans.

Kjörtímabil forseta er á enda á næsta ári og þá gefst gott tækifæri til að binda enda á vitleysuna. Það er líka hægt að gera ef heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar kemst einhvern tímann í framkvæmd.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Aðalfundur**
**Sláturfélags Suðurlands svf.**

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi Fljótshlíð, föstudaginn 25. mars 2011 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:
1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykkta félagsins.
2. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 7. mars 2011.
**Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Viðmiðin

Enn skal fárast yfir launum Höskuldar bankastjóra í Arion. Og það þrátt fyrir að hann sé með 2,9 milljónir á mánuði í ár en ekki 4,3. Hann fékk víst tíu milljóna króna eingreiðslu á síðasta ári fyrir að gerast bankastjóri. Sem sagt 4,3 á mánuði á síðasta ári. En alla vega; sú var tíðin að bankastjóralaun voru þau sömu og hæstaréttardómara. Fyrir því voru þau rök að störfin væru ámóta mikilvæg. Svo fengu bankastjórar þá flugu í höfuðið að þeir væru mikilvægari en allir aðrir, hreinlega mikilvægustu menn samfélagsins. Í dag fá hæstaréttardómarar um milljón á mánuði.

### Einn og þrír

Svo því sé til skila haldið er nauðsynlegt að rifja upp að þegar launakjör dómara og bankastjóra héldust í hendur voru að jafnaði þrír bankastjórar við hvern banka. Það er þó ekki svo að einn bankastjóri vinni í dag það sem áður var þriggja manna verk. Í þá tíð skiptu nefnilega þrír með sér eins manns verki. Rétt er líka að færa til bókar að laun Höskuldar eru miklum mun lægri en dúddanna sem stýrðu bönkunum í þrot. En þeir bjuggu í sýndarheimi eins og við vitum.



### Ráðinn á þessum launum

Laun Steinþórs Pálssonar í Landsbankanum eru í samræmi við gamla viðmiðið; á pari við það sem hæstaréttardómarar fá. Laun hans eru raunar ekki samningsatriði heldur ákvörðuð af kjararáði. Morgunblaðið greindi frá þessu í gær. Höskuldi finnst hins vegar lítið um sitt mál. „Ég er bara ráðinn á þessum launum," sagði hann í Fréttablaðinu. Ekkert er sjálfsagðara.



bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Verjum skólastarfið

Leikskólar



Oddný Sturludóttir
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Nokkur umræða hefur verið um sparnaðaraðgerðir í leik- og grunnskólum. Því er haldið fram að sameiningar í yfirstjórn leikskóla spari ekki neitt, en það er rangt. Tillögur okkar um sameiningu 30 leikskóla í 14 eiga sér tveggja ára aðdraganda, hagræðingin mun nema 105 milljónum á ári, eða að meðaltali sjö og hálfri milljón á hverja sameiningu. Þetta er um 4,2% hagræðing í rekstrarkostnaði hvers skóla og samsvarar tæplega 100 nýjum leikskólaplássum. Þær leikskólasameiningar sem borgin fór í á síðustu tveimur árum hafa leitt til sparnaðar. Starfið í þeim skólum er frábært, börnunum líður vel og það er mikilvægast.

Efnahagsumhverfið á þriðja ári í kreppu hefur síst batnað. Tekjur borgarsjóðs hafa dregist saman um 20% að núvirði. Á sama tíma hafa útgjöld til velferðarmála aukist og leikskólabörnum fjölgað mjög mikið. Orkuveitan hefur breyst úr óskabarni í þunga byrði og ekki má borgin taka lán til rekstrar.

Við verðum einfaldlega að spara og þar eigum við ekki marga kosti: að fækka í yfirstjórn, fjölga börnum á hvern starfsmann, lækka laun almennra starfsmanna í leikskólum eða geta ekki boðið öllum tveggja ára börnum í borginni leikskólapláss. Enginn þessara kosta er góður.

Við ætlum að verja gæði leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Þess vegna leitum við leiða til að sameina, hagræða, fækka mötuneytum, spara í stjórnun og yfirbyggingu alls staðar. Það veldur áhyggjum en er þrátt fyrir allt langbesta leiðin til að lækka kostnað án þess að það bitni á börnunum sjálfum. Við höfum verið gagnrýnd fyrir skort á samráði og hraða breytinganna. Ég viðurkenni fúslega að við gátum ekki talað við foreldra 20.000 barna í Reykjavík en á annað þúsund manns hafa komið sínum sjónarmiðum á framfæri undanfarna mánuði. Og auðvitað hefði þetta ferli átt að hefjast af krafti strax árið 2008. Tveimur dýrmætum árum var eytt í annað og nú má einfaldlega ekki bíða lengur. Breytingarnar eru skynsamlegar, vandlega ígrundaðar og vel undirbúnar af fjölda framúrskarandi fagfólks. Ég treysti starfsfólki í skólum og frístund fyllilega til að hrinda þeim í framkvæmd.

Okkar mikilvægasta verkefni í kreppunni er að tryggja að börnum líði vel og að þau verði sem minnst vör við þær þrengingar sem við erum að ganga í gegnum. Það munum við gera í sameiningu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Atvinnumál

# Skyldu þingmennirnir okkar vita af þessu?

Ferðaþjónusta



Steinar Berg Ísleifsson
ferðaþjónustubóndi

Fyrir ári síðan barst mér listi yfir úthlutanir styrkja til úrbóta á ferðamannastöðum frá Ferðamálastofu. Ég ákvað að gera greiningu á hvert peningarnir færu og niðurstaðan var þessi:

Sveitarfélög 45%,
Félagasamtök 40%,
Einkarekstur 15%

Þegar ég svo skoðaði hin ýmsu félagasamtök sem þarna var úthlutað til, kom í ljós að mörg þeirra höfðu sama heimilsfang og sveitarfélögin eða voru vistuð á heimasíðum þeirra.

Ég setti mig í samband við þann starfsmann Ferðamálastofu sem hafði umsjón með úthlutuninni, sendi honum greininguna og bauð að gera athugasemdir. Spurði síðan hvort það gæti verið að þær reglur eða vinnuferlar sem farið væri eftir við úthlutun þessara styrkja leiddu til mismununar? Mér var kurteislega tekið, þökkuð athyglisverð ábending en ekki svarað.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðaþjónustunnar. Í fyrstu grein frumvarpsins um markmið og tilgang segir að fjármunum úr sjóðnum skuli varið til:

1. Uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum sem eru í eigu opinberra aðila eða á náttúruverndarsvæðum.

2. Framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila jafnt sem einkaaðila.

Opinberir aðilar ætla sem sagt að veita opinberum aðilum fé til uppbyggingar, viðhalds og verndunar en útiloka einkaaðila frá því sama. Einkaaðilar í ferðaþjónustu mega hins vegar líka sækja um styrki til verndunar náttúru og öryggismála. Fram kemur í skýringum að ekki er samt jafnt á komið með aðilum hvað mögulega úthlutun varðar. Fyrir einkaaðila er hún nefnilega skilyrt: „Framkvæmdir á landi í eigu einkaaðila skulu þó alltaf háðar því skilyrði að um sé að ræða ferðamannastaði sem ávallt eru opnir almenningi án endurgjalds.“

Umsóknarferli styrkveitinga útheimtir oftar en ekki tímafreka vinnu og þess krafist að umsækjandi sé búinn að leggja út í kostnaðarsama undirbúningsvinnu til að umsóknin sé hæf. Þar standa einkaaðilar þegar höllum fæti. Þeir hafa enga nema sjálfa sig upp á að hlaupa á meðan umsóknarkostnaður og laun opinberra starfsmanna eru greidd af skattgreiðendum. Þannig er þegar ákveðin mismunun innibyggð og ástæðulaust að auka hana.

Um daginn heyrði ég iðnaðarráðherra tala um mikilvægi þess að dreifa álagi á ferðamannastaði. Með frumvarpi sínu sýnist mér hún, jafnaðarmaðurinn, hins vegar útiloka fyrirfram hugmyndir einkaaðila til uppbyggingar og nýrra möguleika sem styddu slík markmið.

Þetta frumvarp eins og mörg önnur er sent til umsagnar fagaðila. Í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar segir: „Það vekur furðu að gerður er greinarmunur á ferðamannastöðum í opinberri eigu og einkaeigu.“ Ég hefði nú kosið að sterkara væri tekið til orða og nánar útskýrð þau efnisatriði sem furðu vekja. Engu að síður er gott að sjá að fagfélagið hnýtur um þetta sama atriði sem hér er bent á.

Nú er þetta mál sem sagt hjá Alþingi. Það hlýtur að vera eðlilegt að gera þá kröfu til þingmanna að þeir skilji virkni og afleiðingar lagasetningar sem þeir standa að. Þannig er þessu lagafrumvarpi stillt upp sem framfaraskrefi fyrir ferðaþjónustuna og þægilegt að trúa því bara. Nema hvað þessi væntanlega lagasetning kann að bera í sér innibyggða mismunun sem heltir greinina. Skapar ójafnvægi, sem eykur frekar á einhæfni íslenskrar ferðaþjónustu; takmarkar möguleika á uppbyggingu og dreifingu aðgengis staða, sem þó er yfirlýst markmið frumvarpsins! Að Framkvæmdasjóður ferðaþjónustunnar eins og hann heitir, standi varla undir nafni á landsvísu. Væntanleg fjárúthlutun sjóðsins er t.d. ólíkleg að renna til Vesturlands, þar sem ég þekki best til. Þeir staðir á Vesturlandi sem geta byggst upp sem „seglar“, dregið að sér ferðamenn framtíðar og tekið á móti auknu álagi eru nefnilega að verulegu leyti í eigu einkaaðila. Þetta á örugglega við um fleiri landshluta. Að stefna ríkisins sé í raun sú að beina ferðamönnum frá höfuðborgarsvæðinu eftir tvíbreiðum vegi til eigin staða á Suðurlandi?

> Opinberir aðilar ætla sem sagt að veita opinberum aðilum fé til uppbyggingar, viðhalds og verndunar en útiloka einkaaðila frá því sama. Einkaaðilar í ferðaþjónustu mega hins vegar líka sækja um styrki til verndunar náttúru og öryggismála.

## Þeir myndu tapa fyrir dómi

Icesave

Sjö hæstaréttarlögmenn
skrifa um Icesave-lögin

Af hverju hafa Bretar og Hollendingar ekki stefnt íslenska ríkinu fyrir dóm til greiðslu á Icesave-kröfunum fyrst þeir telja okkur eiga að borga?

Það er þýðingarmikið að Íslendingar átti sig á svarinu við þessari spurningu: Þessar kröfuþjóðir vita að þær myndu að öllum líkindum tapa slíkum málum. Þær vita að þær munu ekki ná fram kröfum sínum á hendur íslensku þjóðinni nema hún taki á sig skuldbindingar til að greiða með samningi.

Góðir Íslendingar, við skulum ekki láta það eftir þeim. Fellum Icesave-lögin.

*Brynjar Níelsson hrl.*
*Björgvin Þorsteinsson hrl.*
*Haukur Örn Birgisson hrl.*
*Jón Jónsson hrl.*
*Reimar Pétursson hrl.*
*Tómas Jónsson hrl.*
*Þorsteinn Einarsson hrl.*

Hádegistónleikar í Fríkirkjunni
alla miðvikudaga í vetur
frá kl. 12:15 til 12:45
ÓKEYPIS AÐGANGUR
ALLIR HJARTANLEGA VELKOMNIR
LISTRÆNN STJÓRNANDI
GERRIT SCHUIL
LJÁÐU OKKUR EYRA



Sjá nánar:
frikirkjan.is
FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK




Sparnaður eldri borgara
Opinn hádegisverðarfundur VÍB á Hótel KEA á morgun
VÍB – Eignastýringarþjónusta Íslandsbanka býður eldri borgurum á Akureyri til opins fundar um sparnað í samstarfi við Landssamband eldri borgara, 10. mars kl. 12.00 – 13.30.
Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB, fer yfir margar þeirra fjármálaspurninga sem helst brenna á eldri borgurum í dag.
- Brenna peningarnir í bönkunum?
- Hvað er öruggt í dag?
- Hvað með skerðingarnar?
- Hvar eru bestu vextirnir?
- Hvernig breyttust skattar um áramótin?
- Hvað er framundan?
Boðið verður upp á hádegisverð. Allir velkomnir.
Skráning og nánari upplýsingar á www.vib.is eða í síma 440 4553.
LEB
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 11-0402
Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is | www.vib.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

# Tenerife og Kanarí

**Síðustu sætin Einstakt verð!**



## Flugsæti

**Verð frá 49.800 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar
15. mars Tenerife
16. mars Kanarí

Innifalið:
Flug fram og til baka og flugvallarskattar.
* Verð án Vildarpunkta 59.800 kr.



### Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægileheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

## Tenerife



### Vulcano ★★★★

Hálft fæði

Mjög gott 4 stjörnu hótel á besta stað í hjarta Playa de las Americas. Sundlaugargarðurinn er stór, gróðursæll og með sundlaug, barnalaug og fjölda sólbekkja.

**15. mars - 22. mars**

**Verð frá 142.400 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar
M.v. 2 fullorðna í tvíbýli.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 152.400 kr.

## Kanarí



### Eugenia Victoria ★★★

Hálft fæði

Snyrtilegt og mjög vel staðsett hótel í miðbæ Ensku strandarinnar en ströndin er í um tíu mínútna göngufjarlægð. Öll aðstaða á hótelinu er til mikillar fyrirmyndar og hafa gestir aðgang að glæsilegri heilsulind.

**16. mars - 23. mars**

**Verð frá 93.500 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar
M.v. 2 fullorðna í tvíbýli.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 103.500 kr.

Vildarklúbbur

**Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur**

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 54054 03.11

## Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is




# Korfu

# Gríska draumaeyjan

## Nýr og ómótstæðilegur áfangastaður

**Nýjung!**

## Flugsæti

**Verð frá 94.900 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar 28. júní.
* Verð án Vildarpunkta 104.900 kr.

## BEINT MORGUNFLUG MEÐ ICELANDAIR Í ALLT SUMAR

## Flugáætlun

UPPSELT

| | | |
|---|---|---|
| 28. maí | 9. júlí | 23. ágúst |
| 7. júní | 23. júlí | 24. sept. |
| 18. júní | 2. ágúst | 1. okt. |
| 28. júní | 13. ágúst | |

Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is



Allt innifalið!

## Louis Corcyra Beach ★★★★

Louis Corcyra Beach er gott fjögurra stjörnu „allt innifalið" hótel, vel staðsett við ströndina í bænum Gouvia. Einungis um 5 mín. göngufjarlægð frá miðbæ Gouvia. Fallegt útsýni er yfir Gouvia-flóann og á hótelinu er barnaklúbbur og skemmtidagskrá.

**Verð frá 155.900 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í 10 nætur, 18. júní. Allt innifalið.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli: 184.900 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 165.900 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 194.900 kr. m.v. 2.



Hálft fæði

## Ipsos Beach ★★★

Ipsos Beach hótel er snyrtilegt þriggja stjörnu hótel , einungis 50 til 80 metrum frá ströndinni í Ipsos. Við hótelið er sundlaug, barnarlaug, barnaleiksvæði og sólbekkir með ágætri aðstöðu.

**Verð frá 136.300 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-11) í 11 nætur 28. júní. Hálft fæði.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli: 145.800 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
*Verð án Vildarpunkta 146.300 kr. m.v. 2+1. *Verð án Vildarpunkta 155.800 kr. m.v. 2.



## Helion íbúðir ★★★

Helion íbúðagarðurinn samanstendur af sjö tveggja hæða byggingum í stórum og snyrtilegum garði, sem liggur niður að strönd og er stutt frá miðbænum í Gouvia. Gestamóttaka og smáverslun eru í sérhúsi og í garðinum er sameiginlegt sundlaugarsvæði með sólbaðsaðstöðu og snakkbar fyrir öll húsin.

**Verð frá 123.700 kr. ***
**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í 10 nætur 3. sept.
Verð á mann m.v. 2 í íbúð: 134.700 og 15.000 Vildarpunktar.
* Verð án Vildarpunkta 133.700 kr. m.v. 2+2. *Verð án Vildarpunkta 144.700 kr. m.v. 2.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**68** **BANDARÍSKI SKÁKSNILLINGURINN BOBBY FISCHER** hefði orðið 68 ára í dag.

*„Hér er hreint og gott loft, nóg rými og góður matur," sagði Fischer þegar hann kom hingað til lands í mars 2005. Stuttu síðar fékk hann íslenskan ríkisborgararétt.*

SÝNING UM SVEINBJÖRN SVEINBJÖRNSSON: OPNUÐ Í TÓNLISTARSAFNI ÍSLANDS

## Sýning um höfund þjóðsöngsins

Sýning um Sveinbjörn Sveinbjörnsson, fyrsta tónskáld Íslendinga og höfund íslenska þjóðsöngsins, verður opnuð í Tónlistarsafni Íslands að Hábraut 2 í Kópavogi á laugardag. Kveikjan að sýningunni er sú að safninu hafa borist fjöldi muna frá Eleanor Oltean, barnabarni Sveinbjörns í Kanada, sem aldrei hafa komið almenningi fyrir sjónir.

„Á sýningunni verður hægt að sjá ýmsa persónulega muni úr eigu Sveinbjörns og fjölskyldu hans. Má þar nefna fjölda ljósmynda, skjala og bréfa. Eins verða sett upp veggspjöld þar sem fjallað er um einstök tímabil í lífi tónskáldsins auk þess sem ýmsir munir hafa verið fengnir að láni frá Þjóðminjasafninu og Landsbókasafni," segir sýningarstjórinn Guðrún Helga Stefánsdóttir, meistaranemi í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst, en sýningin er hluti af lokaverkefni hennar við skólann.



**LÍFSHLAUP SVEINBJÖRNS DREGIÐ FRAM Í DAGSLJÓSIÐ** Sýningin verður opnuð klukkan 13 á laugardag og stendur út árið.

Sveinbjörn flutti ungur að árum af landi brott og starfaði lengst af í Edinborg við tónlistarkennslu og tónsmíðar. Síðar fluttu börnin hans tvö til Kanada og fylgdu hann og eiginkona hans, Eleanor Sveinbjörnsson, á eftir og bjuggu þar í nokkur ár. „Þar sem Sveinbjörn bjó í útlöndum meirihluta ævinnar misstum við Íslendingar svolítið sjónar af honum og því fannst okkur mikilvægt að draga lífshlaup hans og framlag betur fram í dagsljósið," segir Guðrún. Meðal annarra merkra muna á sýningunni er handrit að verkinu Polonaise frá árinu 1926. Það er samið fyrir hljómsveit og gerði Sveinbjörn sér vonir um að það yrði flutt á Alþingishátíðinni 1930. Handritið hefur verið týnt um árabil en kom í ljós fyrir skömmu.

Sveinbjörn var fyrsta íslenska tónskáldið sem fékk útgefið verk fyrir hljóðfæri. Hans er þó fyrst og fremst minnst fyrir að hafa samið íslenska þjóðsönginn. Hann var þó ekki saminn með það fyrir augum að verða þjóðsöngur Íslendinga „Hann samdi lagið að undirlagi Matthíasar Jochumssonar sem hafði samið ljóð í tilefni af þúsund ára byggðaafmæli Íslands. Það hefur verið gagnrýnt fyrir það að vera erfitt í flutningi og á breiðu söngsviði en í því samhengi má benda á það að það að það var upphaflega ætlað vönu söngfólki og er fyrir vikið með vandaðri þjóðsöngvum," segir Guðrún. Nánari upplýsingar um sýninguna er að finna á www.tonlistarsafn. is

vera@frettabladid.is

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Guðrún Aðalsteinsdóttir**
hattasaumakona,

verður jarðsungin frá Neskirkju fimmtudaginn 10. mars kl. 13.00.

**Guðný Aðalbjörg Kristjánsdóttir**
**Aðalsteinn Jökull Kristjánsson** — **Kolbrún Ásdís Valdimarsdóttir**
**Torfi Hermann Pétursson** — **Margrét Jóna Höskuldsdóttir**
**Valdimar Þór Halldórsson** — **Sigríður Árný Sigurðardóttir**
**Anna Björg Þorgrímsdóttir** — **Ragnar Eyþórsson**
**Guðmundur Jökull Þorgrímsson**
**Kristján Jökull Aðalsteinsson** — **Dagne Caridad Tailt Tamayo**
**Íris Kolbrún Aðalsteinsdóttir** — **Egill Axfjörð Friðgeirsson**
**Anna Sigrún Margunnur Aðalsteinsdóttir**
**og barnabarnabörn**

---



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samhug og hlýju við andlát móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Kristínar Einarsdóttur**
frá Bessastöðum.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki krabbameinsdeildar 11E á Landspítalanum við Hringbraut.

**Ólöf Birna Kristínardóttir** — **Kristinn Freyr Þórsson**
**Friðgeir Einar Kristínarson** — **Kristín Helga Kristinsdóttir**

---



†

*Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma okkar,*

**Kristín Bárðardóttir**
frá Ísafirði, síðast til heimilis á Hjúkrunarheimilinu Eir, Grafarvogi,

lést laugardaginn 5. mars. Útförin verður gerð frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 17. mars kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Bárður Hafsteinsson** — **Edda Gunnarsdóttir**
**Guðrún Kristjana Hafsteinsdóttir** — **Einar Pétursson**
**Ólafía Soffía Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ása Hjálmarsdóttir**
Furugerði 13,

lést á LSH Landakoti þriðjudaginn 1. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 11. mars. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð FAAS eða Krabbameinsfélagið.

**Haukur Ingimarsson**
**María Jóna Hauksdóttir** — **Þorsteinn B. Sæmundsson**
**Haukur S. Þorsteinsson** — **Ríkey Valdimarsdóttir**
**Steinn Ingi Þorsteinsson** — **Kristín María Stefánsdóttir**
**Eiríkur Ingimar Hauksson**
**Hjálmar Freyr Hauksson**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Viggós Tryggvasonar**
lögfræðings.

Þökkum starfsfólki Skjóls 3ju hæð góða umönnun.

**Hrafnhildur G. Thoroddsen**
**Tryggvi Viggósson** — **Snjólaug Anna Sigurjónsdóttir**
**Guðmundur Viggósson** — **Líney Þórðardóttir**
**Regína Viggósdóttir**
**Gunndóra Viggósdóttir** — **Ásgeir Arnoldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og vinur,*

**Sr. Ingimar Ingimarsson**
fv. prófastur,

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 15. mars kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Raufarhafnarkirkju á Raufarhöfn, Víkurkirkju í Vík í Mýrdal eða Þórshafnarkirkju á Þórshöfn á Langanesi.

**Ingimar Ingimarsson** — **Hólmfríður S. Svavarsdóttir**
**Þorkell Ingimarsson** — **Gunnþóra H. Önundardóttir**
**Björn Ingimarsson** — **Sigrún J. Óskarsdóttir**
**Sigurgísli Ingimarsson** — **Kristín Guðjónsdóttir**
**Hrafnhildur Ingimarsdóttir** — **Bjarni Óskarsson**
**Jóhanna Elíasdóttir**
**afabörn og langafabörn**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Ásgeirsson**
fyrrverandi sveitarstjóri, Hlévangi, Keflavík,

sem lést föstudaginn 25. febrúar, verður jarðsunginn frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 11. mars kl. 14.00.

**Steinunn Helga Jónsdóttir** — **Hallgrímur Gunnarsson**
**Rebekka Dagbjört Jónsdóttir** — **Björgvin Halldórsson**
**Ásgeir Jónsson** — **Hrafnhildur H. Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Anna Júlía Magnúsdóttir**
frá Siglufirði,

lést 6. mars. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 14. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Orgelsjóð Siglufjarðarkirkju, reikn.nr. 1102-05-400780 kt. 560269-0809.

**Skúli Guðbrandsson** — **Þóra Björg Guðmundsdóttir**
**Hildur Guðbrandsdóttir** — **Ævar Sveinsson**
**Anna Gígja Guðbrandsdóttir** — **Haraldur Eiríksson**
**Magnús Guðbrandsson** — **Jónína G. Ásgeirsdóttir**
**Kristín Guðbrandsdóttir** — **Friðbjörn Björnsson**
**Filippía Þóra Guðbrandsdóttir**
**Þorsteinn Guðbrandsson** — **Margrét Ericsdóttir**
**og ömmubörn**

---



†

*Okkar ástkæri mágur, föðurbróðir, afabróðir og frændi,*

**Örn Jóhannesson**
Reynimel 74, 107 Reykjavík,

sem lést 25. febrúar sl., verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 10. mars kl. 13.00.

**Erla Ársælsdóttir**
**Dagmar Gunnarsdóttir** — **Rikharð Bess Júlíusson**
**Jóhanna Gunnarsdóttir** — **Lúðvík Þorvaldsson**
**Stefanía G. Sæmundsdóttir** — **Bragi Vilhjálmsson**
**börn og barnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**Hæsti foss** landsins er Glymur í Botnsá, en hann er 190 metrar á hæð. Þar á eftir kemur Hengifoss í Hengifossá sem er 128 metrar. Til samanburðar má nefna að Gullfoss í Hvítá er einungis 32 metrar.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447













**Skíðakvikmynd framleidd hér á landi á vegum eins stærsta skíðakvikmyndaframleiðanda heims:**



MYND/GUÐMUNDUR TÓMASSON

# Troða risasnjóstökkpall

Hópur á vegum eins stærsta framleiðandans í skíðakvikmyndum, Teton Gravity Research, dvelur um þessar mundir á Íslandi við upptökur á næstu skíðamynd sinni sem fer í sýningar í Bandaríkjunum nú í haust. Upptökur fara meðal annars fram á Tröllaskaga á Norðurlandi og af því tilefni er verið að byggja stærsta stökkpall úr snjó sem hlaðinn hefur verið á Íslandi. Pallurinn verður 15 metra hár og 70 metra langur og er í 1000 metra hæð utan í fjallinu Kaldbak en snjótroðari úr Hlíðarfjalli er nýttur í verkið.

„Þetta verður heilmikil auglýsing fyrir Ísland,“ segir Jökull Bergmann hjá Bergmönnum Fjallaleiðsögumönnum. Jökull og Bergmenn eru meðal þeirra sem aðstoða hópinn en margir koma að verkinu, meðal annars Inspired by Iceland átakið, Icelandair, Flugfélag Íslands, Akureyrarbær og fleiri.

„Skíðakvikmyndir sem þessar ná til fleiri milljóna heimila í Bandaríkjunum auk þess sem þessi mynd verður tekin til sýningar í kvikmyndahúsum vestanhafs,“ segir Jökull og útskýrir að myndir sem þessar sýni garpa skíða niður þverhnípt fjöll, stökkva fram af klettum og leika listir. Tökuliðinu fylgir mikill búnaður en myndað er úr þyrlu og frá mörgum sjónarhornum. „Þeir uppgötvuðu þetta skíðasvæði í gegnum Youtube en þar erum við hjá Bergmönnum með myndbandið Arctic Heli Skiing sem sýnir íslenska fjalla- og þyrluskíðamennsku. Skemmst er frá því að segja að þeir heilluðust upp úr skónum,“ segir Jökull. „Okkur veitir ekki af því að fá erlenda ferðamenn hingað til lands yfir vetrartímann líka. Þetta mun hjálpa til við það.“

*juliam@frettabladid.is*




**Bakpokaferðalög** krefjast undirbúnings og getur verið vandasamt að velja þá örfáu hluti sem eiga að fara með í pokann. Á slóðinni www.the-backpacking-site.com er að finna lista yfir föt og fylgihluti sem er gott að hafa til hliðsjónar.



















Jóhanna með Drekafjöllin í Suður-Afríku í baksýn.

# Afríka togar í mig

**Heimsóknir í skóla fyrir munaðarlaus börn og ævintýraferðir um fjöll og þjóðgarða þar sem villt dýr ganga óhindruð seiða Jóhönnu Finnbogadóttur bankastarfsmann aftur og aftur til Afríku.**

Jóhanna Finnbogadóttir á að baki fjórar ferðir til Afríku. Þar hefur hún meðal annars fylgst með uppbyggingu Norðmanna á skóla fyrir munaðarlausbörn í Svasílandi og borun eftir vatni fyrir skólann og íbúa í nágrenni hans. „Fólk kemur að brunninum alls staðar frá, enda þurfti að bora djúpt eftir vatninu en það er hreint og ferskt,“ segir hún.

Eyðni þjakar marga í Svasílandi og þjóðinni hefur fækkað um 300.000 manns á nokkrum árum að sögn Jóhönnu. „Fjöldi barna býr hjá afa og ömmu eða vandalausu fólki og nýtur ekki skólagöngu því hún kostar 60 krónur á dag,“ segir Jóhanna. Hún segir um 70 börn í norska skólanum, á aldrinum núll til sex ára, og bendir á frekari lýsingar á starfi hans á síðunni www.swazihjelpen.no/

Jóhanna hefur nýtt ferðir sínar til Svasílands til að skoða sig líka um í Mósambík og Suður-Afríku. Í Suður-Afríku fór hún meðal annars upp í Drekafjöll og einnig heimsótti hún risastóran þjóðgarð. „Kruger-þjóðgarðurinn er 380 kílómetrar á lengd og 180 km á breidd. Þar keyrði ég um í tólf tíma með norskri vinkonu, innan um fíla, nashyrninga og önnur villt dýr sem var geysilega gaman að sjá í sínu



Kamelljón á handarbaki Jóhönnu er að breytast úr grænu í brúnt.

rétta umhverfi. Gerólíkt því að fara í dýragarð,“ segir hún. „Úr gistihúsinu River House sem er við ána Crocodile er frábært útsýni yfir hluta garðsins og þar getur starfsfólkið útvegað bæði bíl og bílstjóra til að keyra um garðinn. Slóðin er http://www.riverhouse.co.za/ ef fólk vill kynna sér þetta. Svo fórum við vinkonurnar til Höfðaborgar og bjuggum þar á yndislegu gistiheimili sem fullorðin kona sem heitir Lily rekur og vill allt fyrir mann gera. Það heitir Cape Victoria Guesthouse og er með síðuna www.capevictoria.co.za.“

Spurningunni hvort hún hyggi á fleiri Afríkuferðir svarar Jóhanna játandi. „Ég á örugglega eftir að fara oftar. Afríka togar alltaf í mig.“ *gun@frettabladid.is*



River House er gistihús á besta stað við Kruger-þjóðgarðinn í Suður-Afríku.



Útimáltíð við norska skólann í Svasílandi þegar hann var vígður 2007.




# Ísbúðir

MIÐVIKUDAGUR 9. MARS 2011 | KYNNING

# Erum gamaldags og byggjum á því

**Þeir eru ófáir ísarnir sem afgreiddir hafa verið úr Ísbúð Vesturbæjar á fjörutíu ára ferli. Hún hefur verið á Hagamel 67 frá upphafi og á síðustu árum hefur hún einnig skotið rótum við Grensásveg 50 og Fjarðargötu 19 í Hafnarfirði.**

„Stefnan er sú sama og hefur alltaf verið, að vera með góða vöru á góðu verði. Það hefur gefist vel hingað til og er framtíðarsýnin,“ segir Baldur Bjarnason, framkvæmdastjóri Ísbúðar Vesturbæjar, og tekur fram að nákvæmlega sömu uppskriftir hafi verið notaðar í fjörutíu ára sögu fyrirtækisins og ekki standi til að breyta þeim. „Við erum gamaldags og byggjum á því,“ segir Baldur glaðlega.

Ísbúð Vesturbæjar er fjölskyldufyrirtæki og hefur alltaf verið. Baldur og hans fjölskylda er sú þriðja í röðinni sem rekur hana og hefur gert það frá því í apríl 2007. „Við gerum lítið út á efnahagsreikninga, rekstrarreikninga, framlegð og ebitur umfram það sem lög gera ráð fyrir. Reynum bara að gera vel við okkar viðskiptavini og þá held ég að hitt komi nokkurn veginn af sjálfu sér,“ segir hann.

Fjórar gerðir af ís eru fáanlegar í Ísbúð Vesturbæjar, allar úr vél. „Gamli ísinn“ hefur verið einkennisís hennar frá upphafi en einnig er hún með rjómaís, súkkulaðiís og jarðarberjaís. „Vissulega erum við með ísinn í brauðformi, vöffluformi og boxi og með allrahanda ídýfur og sósur, bragðaref og sjeik,“ segir Baldur, sem spáir mikið í hollustu vörunnar. „Við erum með fitulítinn ís og notum mjög lítinn sykur í hann. Það er algert lykilatriði. Ég vil ekki selja fólki eitthvað sem það veit ekki hvað er – en ég veit að er óhollt. Mér líður alltaf best þegar ég afgreiði hreinan ís yfir borðið, sérstaklega til barna því þegar búið er að setja mikið utan á hann þá breytist hann í sælgæti,“ segir hann og kveðst vona að orðsporið haldi Ísbúð Vesturbæjar gangandi að minnsta kosti önnur fjörutíu ár.




Michael Lund veitir góða þjónustu í Ísbúð Vesturbæjar við Hagamelinn. MYND/GVA



Pála Ögn Stefándóttir dekrar við viðskiptavini í Ísbúð Vesturbæjar í Hafnarfirði. MYND/GVA



Hildur Vala Baldursdóttir, Fríða Einarsdóttir og Málfríður Hildur Bjarnadóttir í Ísbúð Vesturbæjar við Grensásveg. MYND/VALLI

ísbúð
VESTURBÆJAR
Gamli góði Vesturbæjarísinn

Hagamel 67
107 Reykjavík
Sími 5523330

Grensásvegi 50
108 Reykjavík
Sími 5523360

Fjarðargötu 19
220 Hafnarfirði.
Sími 5523390

Opið á öllum stöðum alla daga
kl 12:00 til 23:30

**●SJÓÐHEIT SÚKKULAÐISÓSA** Fáir standast ískaldan ís með sjóðheitri súkkulaðisósu yfir góðri bíómynd í sófanum. Oft eigum við ís í frystinum og ef enginn nennir út í ísbúð eftir sósunni er hægðarleikur að búa hana til í potti.



300 grömm dökkt súkkulaði
½ bolli smjör
½ tsk. salt
3 bollar sykur
4 dl mjólk

*Bræðið súkkulaði, smjör og salt yfir vatnsbaði. Bætið sykrinum út í í smá skömmtum og hrærið vel í á milli. Bætið síðan mjólkinni út í smá skömmtum og hrærið alltaf vel á meðan. Berið sósuna fram heita með ís. Ef það verður afgangur má geyma hann í ísskáp og hita upp í örbylgjuofni.*

**●EINA SKEIÐ AF ÍS ÚT Í KAFFIÐ** Heitt súkkulaði með þeyttum rjóma er tilvalið til að ná úr sér hrollinum þegar kalt er úti. Til að gera vel við sig er líka einstaklega gott að setja eina kúlu af vanilluís í kakóbollann í staðinn fyrir rjómann. Ísinn bráðnar hægt ofan í súkkulaðið og eins og allir vita er ís og súkkulaði góð blanda. Til eru þeir sem þykir þó kaffi og vanilluís ekki síðri blanda og smella ískúlu ofan í kaffibollann sinn. Þeir hinir sömu eiga það líka til að hella örlitlu kaffi út á ís í skál í staðinn fyrir sósu. Vanilluísinn er vinsælastur í svona tilraunastarfsemi en súkkulaðiís er þó alveg eins góður, því eins og allir vita eiga súkkulaði og kaffi líka sérstaklega vel saman.



# Ómótstæðilegur frostbræðingur

**Ísbúðin Álfheimum 2-4 hefur um árabil verið eftirlætis viðkomustaður ísdýrkenda.**

„Ísbúðin var stofnuð 1987 og naut strax vinsælda fyrir úrvals ís,“ segir Kristinn Sigurjónsson íssali, sem tók við rekstri Ísbúðarinnar 2004 og færði hana í nýjar hæðir með ferskum nýjungum.

„Þá bætti ég við ítölskum gelatokúlúís í úrvali, fitusnauðum jógúrtís og gamaldags ís sem við köllum „ískalda ísinn hennar ömmu“. Allt hitti það strax í mark og síðan höfum við sífellt þróað nýja ísrétti og innleitt gómsætar nýjungar eins og létta jógúrtísdrykki með ávaxta- eða kaffibragði,“ segir Kristinn um gómsæta ísrétti Ísbúðarinnar þar sem höfuðáherslan er á úrvals hráefni, en Emmess-ís framleiðir allan ís Ísbúðarinnar eftir sérstakri uppskrift.

„Vinsælasti ísréttur Ísbúðarinnar nú er gelato-frostbræðingur. Í hann notum við hágæða ítalskan ís sem við setjum á kalda marmaraplötu og blöndum eftir kúnstarinnar reglum saman við hnetur, sælgæti, ávexti og fleira, en vinsælasta blandan núna er úr smákökudeigi, brownies-kökum, sykurpúðum, hnetusmjöri og ávöxtum,“ segir Kristinn um ómótstæðilega sælkeraupplifun í Ísbúðinni.



**Hildur Ingólfsdóttir, rekstrarstjóri Ísbúðarinnar í Álfheimum, þar sem líkami og sál endurnærist við úrval freistandi ísrétta á borð við frostbræðing og jógúrtísdrykki.** MYND/VALLI


Íslandus - ísbar

ÍSBÆRINN SELFOSS
Í ALFARALEIÐ

Mikið úrval ístegunda
m.a. margar gerðir af

kúluís • jógúrtís • rjómaís
gamli ísinn • ísréttir • kaffifrapp
kaffi • ísbombur • gjafavara
minjagripir • internetcafé

emmessis




**Erla Birgisdóttir og Erling Magnússon eiga og reka Íslandus á Selfossi, stórt og flott ískaffihús.** MYND/SIGURÐUR ÁGÚST HREGGVIÐSSON

# Ískaffihús á Selfossi

**Spennandi ískaffihús, Íslandus – ísbar, var opnað á Selfossi síðasta sumar og hefur það spurst hratt út.**

„Við höfum fengið frábærar viðtökur. Allt síðasta sumar var fullt út úr dyrum. Enda var enginn ísbar sem slíkur fyrir á Selfossi. Ísbærinn Selfoss verður að bera nafn með rentu,“ segir Erling Magnússon og brosir en hann og eiginkona hans Erla Birgisdóttir eiga og reka Íslandus – ísbar.

Íslandus – ísbar er austast í bænum, við aðalgötuna, á Austurvegi 58. „Alltaf eru fleiri og fleiri að uppgötva ísbarinn og maður varð var við það síðasta sumar að sumarbústaðafólkið kom mikið við,“ segir Erla og bætir við að mörgum ferðalöngum þyki það mikil stemning að heimsækja Selfoss, fara þar í búðir eða sundlaugina og enda á ísbarnum.

Íslandus – ísbar er hálfgert ískaffihús þar sem hægt er að setjast niður og gæða sér á öllum tegundum af Emmess-ís, sérlöguðum ísréttum og kaffidrykkjum, en um þrjátíu sæti eru í búðinni, sem er óvenjustór. Tímarit liggja frammi fyrir gesti, minjagripir eru til sölu og hægt er að komast í internetsamband.

„Emmessís er með breiða vörulínu og því getum við boðið upp á fjölbreytta ísrétti. Af því sem er í boði má nefna jógúrtís úr vél, rjómaís sem er sérstaklega rjómakenndur og gamla ísinn, þennan kalda, mjólkurkennda ís sem hefur slegið í gegn,“ segir Erling.

„Einnig erum við með fjölmargar bragðtegundir af kúluís, meðal annars ítalska tegund sem er feiknalega góð,“ segir Erla. „Fljótlega getum við svo boðið upp á ísbombur, sem er ísréttur úr kúluís hnoðaður saman við sælgæti eða ávexti að vali viðskiptavinar, mjög spennandi. Fjölbreyttir ísréttir sem nefnast meðal annars Árborgarsæl og jarðarberjabikar eru vinsælir og svo erum við með rétt sem heitir spagettíís, réttur að þýskri fyrirmynd úr vanilluís og rjóma en lítur út eins og hakk og spagettí.“

Á boðstólum er einnig ítalskt gæðakaffi og hægt er að panta helstu kaffidrykki, cappuccino, latte og fleiri. „Þá er hægt að fá kaffifrapp sem er ískaldur kaffidrykkur, úr kaffi og ís og ýmsum bragðtegundum,“ segir Erla. Úrval sælgætis og ávaxta er gott, en bragðarefur er sívinsæll.

„Einkunnarorð okkar er „lifum og njótum“. Við leggjum kapp á að fólki líði vel hjá okkur og starfsfólk okkar er jákvætt og lipurt,“ segja þau hjón að lokum.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@365.is s. 512 5432.

# Hollur jógúrtís í öll mál

**Á nýja sjálfsafgreiðslubarnum Joger á Stjörnutorgi Kringlunnar fæst fitu- og kolvetnasnauðasti jógúrtís landsins.**

„Jógúrtísinn á Joger er hrein og klár hollustuvara, með innan við 1 prósent fitu. Hann inniheldur engan hvítan sykur og því með afar lágan kolvetnastuðul, eða tæp 15 prósent. Aðaluppistaðan er fersk undanrenna, fersk jógúrt með lifandi jógúrtgerlum frá Bíldudal, lífrænn agave-safi og ávaxtasykur,“ segir Kristinn Sigurjónsson íssali í Ísbúðinni á Stjörnutorgi Kringlunnar, þar sem hann opnaði sjálfsafgreiðslubarinn Joger 9. desember og fer afar metnaðarfulla leið í sölu jógúrtíss.

„Ég veit ekki til þess að nokkur selji viðlíka vel samsetta hollustuvöru á ísmarkaði landsins. Ég hef unnið með jógúrtís í samvinnu við Emmess ís frá árinu 1988 og þeir þekktu framleiðsluaðferðina mjög vel. Allt í okkar jógúrtís er þaulhugsað og framleitt undir ströngustu gæðakröfum Emmess íss, sem lagar hann sérstaklega fyrir Joger. Ísinn er því sérlega vandaður og hollur,“ segir Kristinn sem með sjálfsafgreiðslubarnum hefur stimplað sig inn í nýjasta æðið vestanhafs, en þar hefur skollið á slíkt jógúrtísæði að sérfræðingar hafa hvorki fyrr né síðar séð annan eins vöxt í nýrri hugmynd í veitingarekstri, enda ný og betri upplifun orðin til fyrir neytendur að fara í ísbúðir.

Á sjálfsafgreiðslubar Joger fást níu mismunandi bragðtegundir jógúrtíss sem viðskiptavinir skammta sér sjálfir í box í bland við ávaxta-, hnetu-, granóla- og sælgætisbari að eigin vali.

„Hverju sinni eru níu bragðtegundir í boði en við skiptum þeim reglulega út því yfir 50 brögð eru til. Þannig koma ískaupendur alltaf að nýjum og spennandi bar, og núna er til dæmis jógúrtís með kókos, kirsuberjum, appelsínu og argentínskri rjómakaramellu í ísvélunum,“ segir Kristinn, sem einnig selur ítalskan gelato-kúluís og hefðbundinn mjólkurís í Joger, ásamt ríkulegum bústbar þar sem hægt er að fá skyrbúst, nýpressaða ávaxta- og grænmetissafa og smoothie-ávaxtadrykk úr fitu- og kolvetnalitlum jógúrtís.

„Jógúrtísinn okkar er eins mikil hollusta og hægt er að hafa hana og einstakt að geta boðið upp á ljúffengan ís sem í raun er ekkert annað en vandaður og hollur matur. Ferð á ísbarinn hefur því breyst í ákveðna upplifun þar sem fólk getur treyst því að hreinlæti og hráefni sé fyrsta flokks. Jógúrtís er því valkostur sem morgunmatur, hádegismatur, létt máltíð yfir daginn og kvöldmatur, og í Bandaríkjunum eru æ fleiri farnir að gera sér ferð í ísbúðina mörgum sinnum í viku því strangt til tekið er þetta ekki ís heldur frosin jógúrt sem heimsbúar hafa notið sem hollustuvöru síðastliðin fimm þúsund ár.“



Kristinn Sigurjónsson íssali í Ísbúð Kringlunnar þar sem sjálfsafgreiðslubarinn Joger var opnaður í desember og hollasti jógúrtís landsins fæst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Faðir ísálfa og krapadjúss

„Ég er örugglega ekki maðurinn sem fann upp ísinn, en ég opnaði ísbúð í Kringlunni ásamt Bjarna heitnum Ólafssyni og hún var vígð með pompi og prakt árið 1987. Sú ísbúð var að margra mati tímamótaverk, og sumir höfðu á orði að hún væri ein öflugasta ísbúð Evrópu á sínum tíma,“ segir íssalinn Kristinn Sigurjónsson sem er sannkallaður frumkvöðull í íssölu á Íslandi og er ásamt Bjarna Ólafssyni faðir ísálfa, krapadjúss, ísvöfflubaksturs, ávaxta- og sælgætisbara, ítalskra kúluísa og jógúrtíss hér á landi.

„Jógúrtís kom fyrst til sögunnar 1965. Ég var svo heppinn að hitta upphafsmann hans 1988, en margir muna eftir afurð hans, Colombo‘s Frozen Yogurt í Seinfeld-þáttunum. Jógúrtís sló í gegn á árunum 1985-90 en hefur nú náð nýjum hæðum, meðal annars vegna sjálfsafgreiðslubara og hollari samsetningu, þar sem fólk getur útbúið sinn uppáhaldsís úr frábæru hráefni,“ segir Kristinn.

„Ísbúðin í Kringlunni var blanda af ítalskri ísbúð og amerískri jógúrtísbúð. Hún hefur alla tíð verið leiðandi í nýjungum og boðið það nýjasta í ísbransanum hverju sinni, og því verið fyrirmynd íslenskra ísbúða æ síðan, en með Joger er nú tilkomin nýjasta útfærsla hennar,“ segir Kristinn, sem árið 1996 seldi hugmyndafræði ísbúðarinnar í Kringlunni til eins stærsta ísframleiðanda Finnlands, sem nú rekur yfir 40 ísbúðir undir nafninu Spice Ice í Evrópu, en það er eitt af þekktari vörumerkjum Finnlands í veitingarekstri.



Kristinn Sigurjónsson á Joger-sjálfsafgreiðslubarnum þar sem viðskiptavinir velja sína eigin útfærslu af uppáhaldsísnum sínum eftir vigt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Ferskur Joger Jógúrtís

Minn en 1% fita - Enginn hvítur sykur!



JOGER

ferskur jógúrtís

Stjörnutorgi - Kringlunni






# Bragðast best hjá mömmu

**Sælkerar verða ekki sviknir af heimsókn í Erlu-Ís í Fákafeni þar sem heitt súkkulaði, belgískar vöfflur og ís af öllum stærðum og gerðum er á boðstólum. Allur ís í Erlu-Ís er jurtaís frá Kjörís.**


Sælkerar koma ekki að tómum kofanum í Erlu-Ís. MYND/VALLI

Erlu-Ís í Fákafeni er kærkominn viðkomustaður fyrir alla fjölskylduna, andrúmsloftið þægilegt og aðstæður hannaðar sérstaklega með þarfir barna og fullorðinna í huga; hægt að sitja á háum stólum við gluggana eða við lægri borð ásamt krílunum. Svo er gott úrval af ís í boði, allt frá klassískum rjómaís yfir í piparmyntuís, alls átta bragðtegundir úr vél. Sumarliði Gunnar Halldórsson veit allt um málið.

„Við gætum þess að taka vel á móti öllum, breytum reglulega til þótt vinsælir réttir séu á sínum stað og erum líka nýfarin af stað með tilboð vikunnar,“ útskýrir Sumarliði og segir skemmtilegt að segja frá því að kynslóðirnar eigi allar sína uppáhaldstegund. „Börn og unglingar eru fyrir trúðaís og annað gotterí, bragðarefurinn er vinsæll hjá fullorðnum en eftirsóttastur er þó vafalaust ís í brauðformi.“

Hann getur þess að í versluninni sé líka hægt að fá ís án viðbætts sykurs. „Fólk hefur tekið honum fegins hendi enda ekki bara hollari en venjulegur ís heldur hentugur fyrir til dæmis þá sem stríða við sykursýki. Eigandinn, hún móðir mín Guðrún Erla Sumarliðadóttir, er sjálf sykursjúk og vildi bjóða ljúfmeti sem hægt væri að njóta án vandkvæða,“ segir hann og bætir við að móðir sín sé sannkallaður dugnaðarforkur og láti sig flest í búðarrekstrinum varða.

„Hún er allt í öllu, hrærir til dæmis kökudeig í bragðarefinn og bakar belgískar vöfflur eftir eigin uppskrift. Þær eru óstjórnlega góðar, bragðast best hjá mömmu,“ segir hann og brosir út að eyrum við tilhugsunina eina saman. Á vöfflurnar segir hann hægt að fá sér þeyttan rjóma, sultu, súkkulaði eða ís og svo heitt súkkulaði til að fullkomna herlegheitin. „Þetta er algjör sælgætisbomba,“ segir hann og bætir við að um búðina sé hægt að fræðast betur á facebook.com.




# Álfabyggð á holtinu

**Nýir eigendur hafa tekið við rekstri hverfissjoppu Kársnesinga. Álfurinn var opnaður í desember eftir gagngerar breytingar.**


Guðrún Óskarsdóttir opnaði Álfinn að Borgarholtsbraut í Kópavogi í desember eftir að hafa tekið húsnæðið algerlega í gegn. Hún er hæstánægð með viðtökurnar og stækkandi hóp fastakúnna. MYND/PJETUR

„Hér hafði verið rekin ísbúð og söluturn í fjölda mörg ár. Staðurinn hafði koðnað niður síðustu árin og við höfðum haft á honum augastað lengi. Við keyptum svo reksturinn í haust,“ segir Guðrún Óskarsdóttir, eigandi ísbúðarinnar og söluturnsins Álfsins við Borgarholtsbraut í Kópavogi. Guðrún opnaði Álfinn í desember síðastliðinn eftir gagngerar breytingar.

„Við lokuðum í nokkrar vikur – tókum vel til hendinni, gólfið var flísalagt, allt málað og þrifið og að lokum endurnýjuðum við innréttingarnar. Við opnuðum hinn 9. desember, sem er afmælisdagur dóttur okkar. Hún var hæstánægð með að fá ísbúð í 6 ára afmælisgjöf,“ segir Guðrún, sem stendur sjálf í afgreiðslunni ásamt syni sínum og tengdadóttur. Álfurinn er því lítið og vinalegt fjölskyldufyrirtæki og eina ísbúðin á Kársnesinu. Guðrún segir andrúmsloftið oft eins og á litlum stað úti í sveit.

„Kársnesið er svolítið sérstakur staður, sveit í borg. Maður sér hérna sömu andlitin aftur og aftur. Við fengum strax gríðarlega góðar viðtökur og fólk er ánægt með breytingarnar. Margir sem hættir voru að leggja leið sína í sjoppuna eru að koma aftur og hrósa okkur fyrir vel unnið verk. Við erum að eignast okkar fastakúnna og gestir sundlaugarinnar koma hérna mikið, heilu fjölskyldurnar koma í pylsur og ís eftir sundferð.“

Guðrún lagði strax mikla áherslu á að opna nýjan stað á gömlum grunni. Því varð að finna nýtt nafn á staðinn og lagðist fjölskyldan í skoðun á sögu Kópavogs. Þau duttu niður á sögur um álfabyggð í Borgarholtinu.

„Okkur fannst því nafnið Álfurinn passa vel. Krakkaísinn sem kallast Trúðaís í mörgum ísbúðum heitir því Álfaís hjá okkur. Þegar kom að því að velja ísinn kom aldrei til greina annað en ísinn frá Kjörís sem er alveg sérstaklega góður. Við ætlum síðan að fjölga bragðtegundum þegar líður á vorið. Einnig erum við með gott úrval af hráefni í bragðarefinn, ferska ávexti og mikið úrval af nammi. Einnig er Álfurinn með hefðbundinn sjoppurekstur, grill og hamborgara.“

Guðrún kann vel við sig bak við búðarborðið og er hæstánægð með viðtökurnar sem Álfurinn fær. Í sumar stefnir hún á enn meiri framkvæmdir. „Garðurinn hér í kring er mjög fallegur og í sumar ætlum við að taka hann í gegn. Þá verður gaman að geta boðið viðskiptavinum okkar að setjast hér úti með ís, til dæmis eftir góðan sundsprett. Hér eru miklir möguleikar.“



Unglingar úr 10. bekk Engjaskóla í hópferð í Ísfólkið í Spönginni. Nóg að gera hjá Regínu bak við borðið. MYND/GVA

# Flott fyrir fjölskylduna

**Ísfólkið í Spönginni 31 í Grafarvogi er fjölskylduvæn ísbúð og miðstöð fólksins í hverfinu. Hjónin Regína Ómarsdóttir og Jósep Grímsson eru ísfólkið bak við borðið þar.**

„Hér er gott pláss, borð fyrir börnin og notaleg stemning,“ bendir Regína Ómarsdóttir á þar sem hún er í óða önn að afgreiða unglinga úr 10. bekk Engjaskóla. Hún segir færast í vöxt að skólarnir í Grafarvogi noti ferð í ísbúðina sem umbun þegar nemendurnir hafi lokið tilteknum áfanga og staðið sig vel. Einnig komi hópar af sambýlum og frístundaheimilum, þannig að oft sé mikil gleði í gangi. „Ásamt ísnum erum við með kaffi og vöfflur, búst og pylsur. Stundum fundar fólk hér og einnig er nokkuð um að haldin séu barnaafmæli. Þetta er voða skemmtilegt,“ segir Regína ánægjulega

Ísfólkið opnaði hinn 30. janúar 2010. „Það bráðvantaði ísbúð í Grafarvoginn,“ segir Regína. „Okkur fannst ómögulegt að fjölskyldur þyrftu að keyra út úr hverfinu til að fara í alvöru ísbúð þar sem hægt væri að setjast inn og njóta veitinganna.“

Ísfólkið afgreiðir þrjár gerðir úr vél, krap og kúluís og það nýjasta er skyrís. Hann er tilraunaframleiðsla og þetta er eini staðurinn í borginni sem hann fæst. „Skyrísinn er prótínríkur, fitulítill og með agavesírópi,“ lýsir Regína og telur innihaldið svipað og úr skyrdós enda sé fólkið hjá World Class ánægt með hann.

Regína segir fjölskylduna vinna mikið sjálfa í búðinni. „Við hjálpumst öll að,“ segir hún. „Okkur hefur verið mjög vel tekið og erum ákaflega þakklát fyrir það.“



Eigendurnir Óli J. Kristjánsson og Ómar Sigurðsson í Eldi & ís á Skólavörðustíg 2. MYND/VALLI

# Eldur, ís og afþreying

**Eldur & ís er á Skólavörðustíg 2, alveg í hjarta miðbæjarins. Þar er reyndar boðið upp á ýmislegt fleira en ís, til dæmis bakkelsi frá Mosfellsbakaríi og smurt brauð, upplýsingaþjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn.**

„Fyrirtækið sem stendur á bak við þetta heitir Iceland on Track,“ segir Ómar Sigurðsson, annar eigenda Elds og íss. „Það fyrirtæki er í minni eigu og félaga míns, Óla J. Kristjánssonar, og er fyrst og fremst í ferðaþjónustu, auk þess að vera ferðaskrifstofa. Okkur langaði að opna skrifstofu niðri í bæ og þegar við vorum að velta því fyrir okkur hvernig best væri að gera það kom upp þessi hugmynd að opna ísbúð. Það er kannski ekki alveg eftir bókinni, en málið er að það var engin almennileg ísbúð í miðbænum. Okkur fannst því alveg kjörið að blanda þessu saman og gera eitthvað öðruvísi.“

Eldur & ís er ekki í hefðbundnum ísbúðastíl enda segir Ómar að aðaláherslan hafi verið á að skapa notalegt andrúmsloft sem fólki liði vel í. „En við erum alvöru ísbúð, seljum bæði mjúkan ís og kúluís frá Kjörís, sem nýtur mikilla vinsælda. Einnig bjóðum við upp á bakkelsi frá Mosfellsbakaríi og smurt brauð og svo auðvitað kaffi og kakó. Það er til dæmis mjög vinsælt á svona kuldalegum dögum að fá sér heitt kakó með ís út í.“

Ísbúðin Eldur & ís var opnuð í júlí á síðasta ári og hefur fengið góðar viðtökur að sögn Ómars. „Já, þetta hefur gengið mjög vel, ferðamenn kunna vel að meta það að geta fengið sér ís eða kaffi og með því um leið og þeir fá alla almenna ferðaþjónustu. Við erum að selja ferðir og afþreyingu, ekki bara okkar ferðir heldur fyrir ýmis önnur fyrirtæki líka,“ segir Ómar. „Nafnið Eldur & ís hefur líka vakið athygli, þótt það væri reyndar komið til fyrir gos. En það varð auðvitað bara enn þá betra eftir að Eyjafjallajökull fór að gjósa.“

Ísfólkið
-ísbúðin okkar




Ísfólkið í Spönginni er fjölskylduvæn ísbúð þar sem nóg er af sætum fyrir alla, bæði stóra og smáa!

NÝTT
ALVEG EINSTAKT Á ÍSLANDI!
Ísfólkið kynnir SKYRÍS
í kúluísformi!
Aðeins 113 hitaeiningar í 100 grömmum!
Sex bragðtegundir! Enginn sykur!
Einstaklega hollur og góður!

Ísfólkið
Spönginni 31 Grafarvogi
Sími 44-555-99
OPIÐ VIRKA DAGA 10:30–22:30
UM HELGAR 12:00–22:30

ELDUR & ÍS
Skólavörðustíg 2
101 Reykjavik



•Mjúkur Ís
•Kúluís
•Sorbet
•Shake
•Ístertur
•Ís Frappó
•Bragðarefur
•Smurt brauð
•Kaffi og Kakó
•Bakkelsi frá Mosfellsbakarí
Sími: 6638300
Kjörís

# Ískaldur gleðivaldur

**Stundum er talað um ísbrjót í samskiptum manna, en enginn er jafn góður ísbrjótur og ísinn sjálfur; dísætur, ískaldur og ávallt svo kætandi lostæti. Ís gleður allar kynslóðir og alltaf við hæfi að bjóða upp á ís, skjótast í ísbíltúr eða sýna sig og sjá aðra í tilhlökkun á ísbarnum. Hér má sjá nokkrar nafntogaðar útfærslur ísrétta sem slegið hafa í gegn um gjörvalla heimsbyggðina.**



**Úr vanilluís er hægt að búa til alls kyns skemmtilega eftirrétti.**





**Mjólkurhristingur er sætur, kaldur drykkur unninn úr mjólk og rjómaís í blandara. Saman við er blandað sírópi eða sælgætissósum eftir hugmyndaflugi og smekk.**

## Ýmislegt gott með ísnum



Hefðbundinn vanilluís má leika sér með á alla vegu og búa til skemmtilega eftirrétti.

Kókósbollur og ís er góð og gild samsetning sem bragðast alltaf vel. Þá getur hnetusmjör og sulta komið vel út með ísnum.

Þeir sem eiga gott súkkulaðikex inni í búri ættu endilega að mylja kexið niður og hræra saman við vænan skammt af vanilluís. Ekki síðra er vanillukex eða karamellukex.

Þeir sem eru að huga að heilsunni ættu að setja blöndu af hnetum og rúsínum út á ísinn.





**Bananasplitt er borið fram í ílangri skál með banana skornum í tvennt og ískúlum með vanillu-, súkkulaði- eða jarðarberjabragði mitt á milli bananabitanna, skreytt með þeyttum rjóma, ávöxtum, súkkulaðisósu og hnetumulningi.** MYNDIR/NORDIC PHOTOS/GETTY



**Ice cream sundae er gamalgróinn, bandarískur ísréttur gerður úr ískúlum með þykkri súkkulaðisósu eða sírópi, hnetum, þeyttum rjóma og kirsuberjum.**



**Íssamlokur er frosinn ábætir gerður úr rjómaís sem settur er á milli tveggja kexkaka eða kökusneiða eftir smekk.**



**Ís beinlínis kallar á sælgæti saman við. Með tímanum hafa bragðtegundir og útfærslur orðið fleiri, enda hugmyndafluginu engin takmörk sett þegar kemur að samsetningu freistandi ísrétta.**

Ísbúðin ÍS LAND Suðurveri

Gegn framvísun miða

FRÍR BARNAÍS FYRIR 10 ÁRA OG YNGRI

í fylgd með fullorðnum

GILDIR TIL 1. MAÍ

Ísbúðin ÍS LAND Suðurveri

## Sælkeraís úr sveitinni

„Hollur, öðruvísi og einstakega bragðgóður ís sem er unninn á náttúrulegan hátt og án tilbúinna aukaefna." Þannig lýsir Skúlína Kristinsdóttir hnossgætinu í ísbúðinni Íslandi í Suðurveri.

Ísinn er framleiddur á bænum Holtseli í Eyjafjarðarsveit. Ísinn hefur verið seldur í Íslandi frá opnun verslunarinnar fyrir rúmu ári. Skúlína hefur haldið utan um reksturinn og segir viðtökurnar góðar, fólk sé óhrætt við að prófa nýjar og öðruvísi bragðtegundir.

„Úrvalið hjá okkur er mikið og breytilegt. Sem dæmi má nefna bjóðum við upp á bjórís, hundasúruís og lakkrísís," Segir hún og getur þess að þar sem ísinn sé laus við tilbúinn aukaefni búi hann yfir ákveðnum ferskleika og einkennandi bragði.

Fleira gott er á boðstólnum í versluninni. „Einnig bjóðum við upp á hefðbundinn rjóma- og kúluís frá Kjörís sem og dúkasigtað skyr. Í Íslandi upplifir þú í senn rammíslenska sveitarómantík og hreina náttúruafurð í vöruúrvali," segir Skúlína að lokum og hvetur landsmenn til að koma í heimsókn til Íslands.



**Boðið er upp á hollan og góðan ís í Íslandi Suðurveri.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Mjólkurísvél í Vesturbænum



**Mia Farrow með ís í brauðformi í kringum 1960, þegar gamli ísinn var hvað vinsælastur í Bandaríkjunum og hér á landi.**

Um miðja síðustu öld tók til starfa ísbúð á Hjarðarhaga 10 í Reykjavík sem kallaðist Ísbarinn. Stofnendur og eigendur Ísbarsins, Þorvarður Árnason og Gylfi Hinriksson, keyptu þá vél til framleiðslu á mjólkurís frá Bandaríkjunum en mjólkurísinn var þá að ryðja sér til rúms.

Samkvæmt fréttum úr dagblöðum var vélin talin ein sú fyrsta sinnar tegundar í Evrópu. Sérstaða vélarinnar var að hún vann ísinn sjálfkrafa og gat unnið 600 lítra af ís á sólarhring.

Hægt var að kaupa ísinn í níu stærðum. Stærstu umbúðirnar voru fyrir 1,6 kílógrömm af ís.

# Heit Mars® - íssósa

1. Hitið 1-2 dl. rjóma í potti.
2. Brytjið 4 Mars stykki út í.
3. Hrærið vel og þynnið með rjóma eftir smekk.





# Fjölskylduhefð að vera í ísnum

**Ísbúðin Garðabæ er eina ísbúð landsins sem bakar sín eigin vöffluform og á sumrin er þar opið til tvö á nóttunni, sem hefur mælst afskaplega vel fyrir hjá ísþyrstum Íslendingum.**

„Það er ýmislegt sem við leggjum okkur fram um að gera betur en aðrir,“ segir Sófus Gústavsson, eigandi Ísbúðarinnar í Garðabæ, spurður hvort Ísbúðin hafi einhverja sérstöðu. „Við erum til dæmis eina ísbúðin á landinu sem enn bakar sín eigin vöffluform á staðnum.“

Þjónusta við fyrirtæki er líka stór þáttur í starfseminni og á heimasíðunni isbud.is eru greinargóðar upplýsingar um það sem boðið er upp á. „Við erum mikið að útbúa ísveislur fyrir fyrirtæki og auðvitað er alltaf einn og einn einstaklingur sem nýtir sér þá þjónustu líka,“ segir Sófus. „Við leigjum út krapvélar í veislur, sérhæfum okkur í því og erum með sautján vélar tilbúnar í veisluna. Við erum með þrjár ísbúðir, hér í Garðabænum, í Kringlunni og í Smáralind. Höfum opið til hálf tólf á kvöldin í Garðabænum og síðastliðið sumar brydduðum við upp á þeirri nýbreytni að hafa opið til tvö á nóttinni, sem mældist mjög vel fyrir þannig að við ætlum að halda því áfram í sumar, auk þess að brydda upp á fleiri nýjungum.“



Ísbúðin Garðabæ er eina ísbúðin á landinu sem enn bakar sín eigin vöffluform á staðnum segir Sófus Gústavsson. MYND/VILHELM

Ísbúðin í Garðabæ var opnuð 2007, í Smáralind 2001 og í Kringlunni 2002, en Sófus á mun lengri sögu í ísnum. „Foreldrar mínir ráku ísbúð í Garðabænum frá 1984 og þar á undan var pabbi fyrsti sölumaðurinn hjá Kjörís, þannig að það má segja að þetta sé fjölskylduhefð,“ segir Sófus. „Ég byrjaði sjálfur í Eddufellinu með ísbúð sem hét Ísbjörninn og svo þróaðist þetta bara áfram.“

Sófus segir Ísbúðina í Garðabæ vera mjög miðsvæðis og viðskiptavinir komi alls staðar að. „Við erum alveg við Hafnarfjarðarveginn og eigum fastakúnna sem koma hvaðan sem er. Þetta er stór búð með góðri inniaðstöðu fyrir 25 manns og oft mikið að gerast. Kringlan og Smáralind eru líka góðar ísbúðir þar sem veðrátta skiptir ekki máli, alltaf sól og sumar. Við erum einnig í góðu sambandi við kúnnana í gegnum síðuna okkar á Facebook „www.facebook.com/isbud.“








Öll bláberin í bláberjaísinn eru tínd á Vestfjörðum og starfsfólk Ísbúðarinnar Garðabæ gerir sjálft úr þeim vökvann sem blandað er í ísblönduna.

## Bláberjaísinn vinsæll

Í Ísbúðinni Garðabæ er hægt að fá ís með níu mismunandi bragðtegundum og sá nýjasti er bláberjaís úr íslenskum bláberjum. „Við gerum sjálf vökva úr íslenskum bláberjum sem við blöndum saman við ísblönduna,“ segir Sófus Gústavsson, eigandi Ísbúðarinnar. „Bláberin eru tínd á Vestfjörðum og flutt til borgarinnar af fyrirtæki sem við kaupum þau svo af. Þau eru fryst og til gamans má geta þess að nú bíða nokkur tonn af bláberjum í gámum eftir því að kæta bragðlauka viðskiptavina. Við notum þau bæði í bláberjaísinn og bláberjasjeik og það er skemmst frá því að segja að bæði ísinn og sjeikinn hafa slegið algjörlega í gegn og fólk kann vel að meta það að þetta skuli vera unnið úr íslenskum bláberjum.“

Aðrar bragðtegundir sem í boði eru í Garðabænum eru: jarðarberjaís, vanilluís, sykurlaus vanilluís, Gamli ísinn, karamelluís, súkkulaðiís, bananaís og kirsuberjaís, allir að sjálfsögðu frá Kjörís og bornir fram í nýbökuðu vöffluformi sem bakað er á staðnum.



## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

## Hjólbarðar

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

## Varahlutir







Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Partahúsið - Varahlutasala**
Hvaleyrarbraut 20 Sími 555 6666. Erum með varahluti í flestar gerðir bíla á góðu verði. Sími 555 6666.

Til sölu varahlutir í Hyundai Sonata 97, Subaru Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99. Nissan Almera 97, Ford 250 99. kaupi bíla til niðurrifs. Partasala smiðjuvegi 11 sími 661 5270.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir Arinbjarnar**
**Allar almennar pípulagnir, nýlagnir & skolplagnir. Tökum út hitakerfi fjölbýlishúsa. Flísaverk ehf Verktakar. S. 897 5599.**

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Til sölu

# Þarft þú að færa þína tunnu?

## Er hætta á að hún fjúki?

**Tunnufestingin heldur henni á sínum stað!**

Ódýr lausn og einföld í uppsetningu.

Tunnufestingin veldur engum töfum við sorphirðu.



HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI
Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 535 2550
info@hafnarbakki.is • www.hafnarbakki.is

## Garðyrkja










**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Framtöl - bókhald- ársreikningar. Mikil reynsla - sanngjarnt verð. www.fob.is s. 517-3977

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Málarar geta bætt við sig verkum. Innanhús og utan. Uppl. í s. 661 9046.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




**Nýsmíði og viðhald**
**Tökum að okkur hverskonar viðhald og nýsmíði. T.D. þök, glugga, gler, utanhúsklæðningar ásamt sumarhúsum og annari nýsmíði. Áratuga reynsla. S.K.E - Verk SF - S. 861 7749. Blikktak ehf. - S. 861 7733. bragimarunn@simnet.is**

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 8216839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Whole body massage. S. 849 5247.

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

NEW LUXURY MASSEGE IN DOWN TOWN ANY TIME 24/7. S. 869 8602.

## Spádómar

**908 1888**
**Spásími Daddýar verð við næstu viku.**




Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




Lög.g Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl S: 698 1524.

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**TILBOÐ**
Dömuskór úr leðri Verð: 4.500.- Misty skór Laugavegi 178, s: 551 2070.




Öryggis- og peningaskápar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Vélar og verkfæri

Járnrennibekkur óskast. Toz eða sambærilegur,1,5metrar á milli odda. Upplýsingar í síma 8972904.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabyggingа.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun




DOMTI
Smáratorgi 1
ERUM AÐ TAKA UPP NÝJAR VÖRUR. LÆGSTA VERÐ 290KR. GOTT VERÐ 390KR. HÆÐSTA VERÐ 690KR.

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Íslenskir hvolpar til sölu. Þrír gullfallegir hreinræktaðir íslenskir hvolpar til sölu. Allt svartar þrílita tíkur. Tilbúnar til afhendingar, ættbókarfærðar hjá HRFÍ og heilbrigðisskoðaðar. LÆKKAÐ VERÐ. Uppl. í síma 899 2121 og á www.steinegg.is/isrima

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Einstaklingsíbúð í Seljahv. til leigu, laus strax, ekki baðaðstaða, snyrtimennska og reglusemi áskilin. Uppl. í síma 899 8195.

## Húsnæði óskast

Reglusöm kona á miðjum aldri óskar eftir lítilli íbúð miðsvæðis í Reykjavík uppl: 897 0975.

## Atvinnuhúsnæði

Ca. 75fm iðnaðarhúsnæði með stórri innkeyrsluhurð í HFJ. Uppl. í s. 892 5309.

Til Leigu skrifstofu herbergi lítil og stór við ármúla góð bílastæði og hagstætt verð uppl. 8993760

## Fasteignir



**Austurgata 43- Hafnarfirði- einbýli við lækinn til sölu.**
Fallegt 194 fm einbýlishús á tveimur hæðum til sölu. Húsið Stendur á frábærum stað. Eignin er á milli þess að vera undir tréverk Og fullbúin. Tvær íbúðir. Ævintýralóð. Ekkert áhvíl, engin skipti. Verð 35.9 millj. Laust strax. Stefán s: 895 2049.

## Sumarbústaðir

Ónotað ca. 15 fm gestahús til sölu. Afhendist í RVK. Tilboð óskast. S. 857 7227.

## Geymsluhúsnæði

**FRYSTIGEYMSLUR**
**Vantar þig að láta geyma í frysti? Erum með útleigu á frystiplássi fyrir bretti, getum tekið allt að 100 bretti. Aðgangur að geymslum alla daga. Nánari upplýsingar veitir Gunnar í síma 690 3408**

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting




## Fasteignir




**VERSLUN – GARÐABÆR**
**LÓÐ EFST Á ARNARNESI**

Til sölu er frábærlega staðsett byggingarlóð fyrir verslunarhús á horni Arnarnesvegar og Bæjarbrautar í Garðabæ. Lóðin er Akrabraut 1 og er 4.820 fm. að stærð. Gert er ráð 2.200 fm. verslunarhúsi á lóðinni. Lóðin selst með eða án byggingar. **Tilboð óskast.**

Atli Vagnsson hdl. og löggiltur fasteignasali
HVERFISGATA 4 – 101 REYKJAVÍK - SÍMI: 698-4611 / 561-4433 – ATLI@ATVINNUHUS.IS

## Atvinna í boði




Listaháskóli Íslands óskar eftir að ráða saumakonu í nokkrar vikur í mars og april sem getur unnið á morgnanna frá 9-12. Þær sem hafa áhuga vinsamlegast sendið e-mail á linda@lhi.is.

**Kornið**
**Afgreiðslukonur vantar í Kornið á Fitjum. Íslenskukunnátta algjört skilyrði**
**Umsóknir með mynd sendist á umsokn@kornid.is**

Gler og Stál ehf óska eftir að ráða faglærða smiði, helst vana uppsetningu á glerveggjum.Einnig vantar mann vanan járnsmíði. Svör með starfsupplýsingum óskast sent á stigar @simnet .is

Vilt þú vinna mikið og hafa mikil laun eða vinna lítið og hafa lítil laun. uppl í s 773 2100

Móttökustjóri á íbúðahótel. Óskum eftir að ráða móttökustjóra. Leitum að ábyrgum, þjónustulunduðum einstaklingi í krefjandi og líflegt starf. Reynsla og/eða brennandi áhugi á ferðamennsku skilyrði. Sendið umsóknir á: aparthotel101@yahoo. com

## Atvinna




## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Gleraugu í hulstri töpðust frá Landakotsspítala að Selvogsgrunni, Stangarhyl og þaðan til Hfj. Miðvikudaginn 2. april sl. Uppl. í s. 561 8032 og 822 4599.

## Ýmislegt

**e-catz.com: Fjárfestar óskast**
e-catz.com er stefnumóta- og samskiptavefur fyrir einhleypa kattaeigendur, líklega sá eini sinnar tegundar í heiminum. Nánari uppl. á e-catz.com (investors).

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5050**
Opið allan sólarhringin.

## Tilkynningar



Bið einkatíma í yoga. www.yogaheilsa. is sími 691 8565.

## Tilkynningar

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

**Auglýsing sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um veitingu leyfa til hrefnuveiða árið 2011**

Með auglýsingu þessari vill ráðuneytið gefa aðilum kost á að sækja um leyfi til hrefnuveiða en skilyrði fyrir veitingu leyfanna koma fram í reglugerð nr. 359/2009 um breytingu á reglugerð nr. 163 30. maí 1973, um hvalveiðar.

**Skilyrði fyrir veitingu leyfa til hrefnuveiða eru eftirfarandi:**

1. Að minnsta kosti einn úr áhöfn hafi reynslu af hrefnuveiðum. Við mat á því hvort aðili hafi reynslu af hrefnuveiðum er sú krafa gerð að aðili hafi a.m.k. verið samfellt í þrjá mánuði skytta á hrefnuveiðibát. Heimilt er Fiskistofu að meta jafngilda annarskonar reynslu eða þekkingu svo að hún fullnægi áskilnaði skv. þessari grein.
2. Skyttur sem annast veiðar og aflífun dýra skulu hafa sótt viðurkennt námskeið í meðferð skutulbyssa og sprengiskutla og í aflífunaraðferðum við hvalveiðar. Auk þessa skal skytta hafa fullnægjandi skotvopnaleyfi.

Þá er kveðið á um veiðiaðferðir og veiðibúnað sem skip sem ætluð eru til hrefnuveiða skulu vera búin í reglugerð nr. 359/2009 um breytingu á reglugerð nr. 163 30. maí 1973, um hvalveiðar með síðari breytingum.
Umsóknir um leyfi til hrefnuveiða skulu sendar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út þann 10. apríl 2011.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið*

Capacent Ráðningar

# MARKAÐS- OG SÖLUSTJÓRI Í NOREGI

Elkem

Elkem er leiðandi í umhverfisvænni framleiðslu á á sérhæfðum vörum. Fyrirtækið selur kísiljárn til stálvera, stáliðnaðar og í járnsteypu. Elkem AS rekur verksmiðjur í Evrópu, Norður- og Suður Ameríku, Afríku og Asíu, auk þess að vera með umtalsvert net af söluskrifstofum á mikilvægustu mörkuðum í Evrópu og Asíu.

**Elkem AS, Foundry Products er einn af stærstu framleiðendum af kísiljárni í stál og járnsteypu. Framleiðslustaðirnir eru í Kanada, Íslandi, Kína og Noregi og framleiða hágæðavörur fyrir viðskiptavini okkar. Markaðs- og söludeildin, sem er staðsett í Osló, leitar nú að starfsmanni í stöðu markaðs- og sölustjóra sem mun hafa starfsaðstöðu í Osló í Noregi.**

**Starfssvið**
• Sala og markaðssetning á kísiljárni til evrópska stáliðnaðarins
• Góð viðskiptatengsl og ábyrgð á samningum og samningaviðræðum
• Ábyrgð á upplýsingastreymi á milli viðskiptavina, logistikk og framleiðslu
• Vinna að markaðsstefnu og áætlanagerð
• Ábyrgð á viðskiptagagnagrunnum og markaðsgreiningum
• Virk þátttaka og stuðningur við verkefni teymisins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
• Háskólamenntun, tækni- og/eða markaðsmenntun
• 10 til 15 ára viðeigandi starfsreynsla
• Góð greiningarhæfni
• Hugmyndaauðgi, ábyrgðartilfinning og metnaður til framkvæmda
• Góðir samskiptaeiginleikar
• Góð þekking á Microsoft Office
• Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti. Góð enskukunnátta áskilin

Elkem býður upp á spennandi og fjölbreytt verkefni í góðu faglegu umhverfi. Það eru spennandi tímar framundan hjá Elkem sem gefur mögulega fyrir faglega og persónulega þróun. Við bjóðum upp á samkeppnishæf laun. Gera má ráð fyrir ferðalögum í starfinu. Viðkomandi heyrir undir Vice President Marketing and Sales FeSi.
Sjá nánar um starfið á heimasíðunni www.elkem.com

Elkem AS í Noregi hefur umsjón með ráðningunni en tengiliðir á Íslandi eru Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent. is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf á ensku.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** boðaföll, 6. í röð, 8. skel, 9. borða, 11. tveir eins, 12. sellu, 14. fjandans, 16. til, 17. verkur, 18. goð, 20. slá, 21. nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** pappír, 3. guð, 4. eftirsjár, 5. blóðhlaup, 7. sáldraður, 10. for, 13. gilding, 15. halli, 16. temja, 19. tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. brim, 6. rs, 8. aða, 9. éta, 11. rr, 12. frumu, 14. árans, 16. að, 17. tak, 18. guð, 20. rá, 21. arða.
**LÓÐRÉTT:** 1. bréf, 3. ra, 4. iðrunar, 5. mar, 7. stráður, 10. aur, 13. mat, 15. skái, 16. aga, 19. öð.


FASTUS




Betra kaffi!

**Kaffivél með hitabrúsa**

Tekur aðeins 7 mínútur
að hella upp á 2,2 lítra
af kaffi.

Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | S: 580 3900 | www.fastus.is

LOUISIANA
ELDAMENNSKA
í Perlunni 9.-13. mars




Veitingahúsið Perlan · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is · Vefur: www.perlan.is

**RÁÐGJÖF VIÐ GERÐ SKATTFRAMTALA 2011**

Lögfræðiþjónusta Lögréttu, félags laganema við Háskólann í Reykjavík, með aðstoð KPMG, veitir einstaklingum endurgjaldslausa ráðgjöf við gerð skattframtala fyrir skattskil 2011.
Ráðgjöfin verður veitt **laugardaginn 12. mars nk. frá 9:00-18:00** í Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1 í Sólinni (aðalbyggingu) og eru allir velkomnir.

**Hvað þarf að hafa meðferðis?**
- Lykilorð og auðkennislykil til að komast inn í heimabanka
- Veflykil inn á rsk.is
- Verktakamiða síðasta árs (ef við á)

LÖGRÉTTA Félag laganema við Háskólann í Reykjavík · KPMG · HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY


# 1974 komið úr endurvinnslu

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Á sunnudaginn var sannfærðist ég endanlega um það að sagan fer í hringi. Þennan sama dag sá ég forsíðu spænsks dagblaðs frá því í apríl 1974. Forsíðufréttin fjallaði um fjármálakröggur spænsku þjóðarinnar. Þessa frétt mætti hæglega endurvinna fyrir blaðið á morgun.

**SVO** var þar lítil frétt um að hámarkshraðinn á spænskum þjóðvegum yrði lækkaður. Ekki veit ég hvort Spánverjar telja þetta góðan mótleik við slæmu efnahagsástandi en hitt veit ég að síðastliðinn mánudag var hámarkshraðinn á spænskum hraðbrautum lækkaður svo varla standa þær undir nafni lengur. Eflaust er þetta gert til þess að fá alþýðuna til að hætta að bölva ástandinu og fara að bölva einhverju öðru.

**Á** spássíunni var síðan mynd af æskuástinni minni, henni Anítu í ABBA. Kornungur féll ég fyrir söngkonunni þegar ég sá plakat af henni í herbergi systur minnar. Sú sænska ruddi þá söngkonu einni úr Prúðuleikurunum úr sessi. Hef ég aldrei síðan fundið til girndar gagnvart brúðu. Sænska hljómsveitin var á forsíðu spænska blaðsins að fagna Eurovison-sigrinum deginum áður. ABBA-æðið sem þarna upphófst hefur margoft farið í endurvinnslu örlaganornanna.

**ÞAÐ** var aldeilis kunnuglegur kappi sem prýddi forsíðumyndina; enginn annar en Gaddafí. Hann var ekki farinn að klæðast rúmfötum á þessum tíma svo ég bar ekki kennsl á karlinn strax. Hann var í heimsfréttunum þarna í apríl 1974 því þá sagði hann af sér öllum opinberum embættum fyrir Líbíu enda stóð hugur hans til þess að móta hugsjónirnar sem varða skyldu leið þjóðarinnar frekar en að halda beint um valdataumana.

**ÉG** fór að velta því fyrir mér hvað valdamenn hafa mikið umburðarlyndi gagnvart grimmum þjóðarleiðtogum. Í raun og veru er ekkert til sem ver landsmenn gagnvart harðstjórum svo lengi sem þeir segja ekki annarri þjóð stríð á hendur. Jú, það mætti reyndar segja að stjórnarskráin eigi að verja landsmenn frá ofurvaldi yfirvaldsins.

**ALLT** í einu varð ég sannfærður um það að við Íslendingar myndum fyrr en síðar skrifa okkar eigin stjórnarskrá til að tryggja þjóðarheill í staðinn fyrir að notast við þessa dönsku endurvinnslu.

**JÁ,** sagan fer greinilega í hringi. Ég var aftur orðinn jafn barnalegur í hugsun og vorið 1974, árið sem ég hætti að nota bleyjur.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



# Styrkja samskipti, bæta þjónustu og auka sölu?

## Opinn morgunverðarfundur Skýrr um stjórnun viðskiptatengsla (CRM), föstudaginn 11. mars

**Sjaldan hefur verið jafn mikilvægt að styrkja tengsl við viðskiptavini og aðra tengiliði í samfélaginu til að skapa ný tækifæri, efla þjónustu og bæta rekstur. Margir framsæknir vinnustaðir gera þetta meðal annars með aðferðafræði og hugbúnaðarlausnum, sem kenndar eru við Customer Relationship Management (CRM) eða stjórnun viðskiptatengsla.**

- CRM er notað til að stýra samskiptum og tengslum við viðskiptavini
- CRM er notað til að halda utan um jafnt verkefni sem þjónustuþætti
- CRM er notað til að efla sölu- og markaðsmál vinnustaða
- CRM er notað til að styrkja yfirsýn og bæta afkomu í rekstri
- CRM gagnast öllum; stórum og smáum, jafnt fyrirtækjum sem stofnunum og félagasamtökum

Föstudaginn 11. mars, frá kl. 8-10, býður Skýrr atvinnulífinu til morgunverðarfundar um CRM. Fundurinn er gestum að kostnaðarlausu og öllum opinn, meðan húsrúm leyfir.

Á fundinum verður annars vegar fjallað á fræðilegan hátt um CRM og hins vegar greint frá reynslu nokkurra fyrirtækja og félagasamtaka á þessu sviði. Einnig munu ráðgjafar Skýrr sýna hina splunkunýju hugbúnaðarlausn Microsoft Dynamics CRM 2011.

Fundurinn verður haldinn í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2 (gengið inn frá Háaleitisbraut).

**Skráðu þig með því að senda póst til skyrr@skyrr.is.**



8.00 *Húsið opnað*
**Hollur og góður morgunverður að hætti Kalla kokks**

8.30 *Skýrr 2011 býður góðan dag*
**Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr**





8.40 *Stjórnun viðskiptatengsla: Markviss leið til að hámarka tryggð viðskiptavina*
**Friðrik Rafn Larsen, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík**

9.10 *Microsoft Dynamics CRM 2011*
**Hjalti Gautur Hjartarson, ráðgjafi í stjórnun viðskiptatengsla hjá Skýrr**





9.40 *Hvernig vinnur CRM með 18.000 manna félagatali?*
**Oddur Einar Kristinsson, upplýsingatæknistjóri hjá Landsbjörgu**

9.30 *Íslandsbanki og Microsoft Dynamics CRM: Fólk og ferlar, ekki tól og tæki*
**Sigríður Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri hjá Íslandsbanka**



*Fundarstjóri*
**Birgir Pálsson, forstöðumaður Microsoft samskiptalausna Skýrr**

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
*Velkomin*

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 11-0352

# menning

menning@frettabladid.is

! **LISTAMANNASPJALL Í GALLERÍI ÁGÚST** Guðrún Kristjánsdóttir verður með listamannaspjall laugardaginn 12. mars í tengslum við sýningu á prentverkum hennar í Galleríi Ágúst sem kallast SÝNI. Guðrún spjallar við Jóhann Ludwig Torfason, en hann vann með henni að grafíkseríunni SNJÓPRENT sem er á sýningunni. Spjallið hefst klukkan 14. Guðrún og Jóhann ræða nálgun Guðrúnar við prentmiðilinn, samstarfið og hvaðeina sem gestum dettur í hug að spyrja um. Allir velkomnir.

## Björn og Stórsveitin saman í Salnum

Björn Thoroddsen og Stórsveit Reykjavíkur leiða saman hesta sína á tónleikum í Salnum á Kópavogi sunnudaginn 13. mars. Kanadíski stjórnandinn dr. Richard Gillis stjórnar hljómsveitinni á tónleikunum en hann er stjórnandi stórsveitar Winnipegborgar, WJOH, og prófessor við háskólann í Manitoba.

Tilefni tónleikanna er diskurinn Rhymes, sem kom út nýlega í Kanada en á honum leikur Björn lög í útsetningu dr. Gillis. Diskurinn hefur fallið í góðan jarðveg vestanhafs og fékk meðal annars fjórar stjörnur af fimm mögulegum í Winnipeg Free Press, útbreiddasta dagblaði borgarinnar. Á tónleikunum verður flutt fjölbreytt tónlist, þjóðlög, djass, blús, funk, surf og standardar. Björn hefur sett saman tónlistina en Gillis útsett fyrir stórsveit.

Björn Thoroddsen hefur verið atkvæðamikill í íslensku tónlistarlífi undanfarin 30 ár og er í forsvari fyrir íslensku hljómsveitinni Guitar Islancio. Stórsveit Reykjavíkur er skipuð mörgum af fremstu hljóðfæraleikurum landsins. Sérstakur gestur á tónleikunum verður Egill Ólafsson.

Tónleikarnir á sunnudag hefjast klukkan 15 og er aðgangur ókeypis.



**BJÖRN THORODDSEN** Nýlega kom út diskur með tónlist Björns í Kanada í útsetningu Richard Gillis, sem stjórnar Stórsveit Reykjavíkur á sunnudag.



**ÚR WHITE FOR DECAY** Heildarumgjörðin var flott og þrátt fyrir annmarka lofar verkið góðu fyrir höfundinn Sigríði Soffíu Níelsdóttur, að mati gagnrýnanda.

# FJÖLBREYTNI OG KRAFTUR

Dans ★★★

**Sinnum þrír**

Íslenski dansflokkurinn

Vorsýning Íslenska dansflokksins 2011 sem var frumsýnd í Borgarleikhúsinu 4. mars er efni í skemmtilega kvöldstund. Boðið var upp á tvö íslensk verk, *Heilabrot* eftir Steinunni Ketilsdóttir og Brian Gerke og *White for Decay* eftir ungan danshöfund, Sigríði Soffíu Níelsdóttur, auk verksins *Großstadtsafari* eftir norska danshöfundinn Jo Strömgren sem er íslenskum dansáhorfendum að góðu kunnur.

Sýningin var á nýja sviði leikhússins en sá annars ágæti salur hefur þann galla að fari dansararnir of framarlega á sviðið sjást þeir ekki af öftustu bekkjunum. Þetta gerðist nokkrum sinnum á sýningunni, til skaða fyrir annars góða heildarupplifun af verkunum. Hljómgæði tónlistarinnar virkuðu á köflum ekki nógu vel, þannig að Ave Maria til dæmis naut sín ekki, sem er mikil synd vegna þess hversu fallegt það er.

*Heilabrot* Steinunnar Ketilsdóttur og Brians Gerke beinir sjónum áhorfandans að veröld ungs fólks sem snýst meðal annars um útlitsdýrkunn, sjálfhverfu, glamúr og skeytingarleysi. Tekist er á við viðfangsefni eins og barneignir, ástarsorg, sjálfsvígshugsanir og sjálfstraust. Persónurnar reyna að halda sjó í óreiðu lífsins, ýmist í samvinnu við aðra eða einar sér. Verkið býr yfir beittri samfélagsgagnrýni sem birtist ekki síst í samspili texta og athafna. Textinn komst þó ekki allur til skila vegna þess að í sumum tilfellum yfirgnæfði tónlistin raddirnar og stundum töluðu dansararnir of hratt. Steinunn og Brian nota dansformið á áhugaverðan hátt í samfélagsrýni sinni. Uppsetning og notkun sviðsmyndarinnar var skemmtileg. Dansararnir áttu góða spretti hver í sinni persónu, ekki síst Aðalheiður Halldórsdóttir enda bauð dansverkið upp á djúpa karaktersköpun. Í verkinu voru mjög sterkir kaflar en það hélt ekki dampi allan tímann.

*White for Decay* eftir Sigríði Soffíu Níelsdóttur var áhugavert. Heildarumgjörð verksins var flott þó að það hafi verið erfitt að fylgjast með á tveimur stöðum í fyrri hluta þess. Hreyfiforðinn var sterk gólfvinna og „partnering“ sem var áhugaverð en fór á köflum út í endurtekningar. „Dröslˮ karldansaranna með máttlausan líkama kvendansarans var t.d. mjög flott í fyrstu en hefði mátt stytta. Hannes og Ásgeir sýndu styrk og fimi í samdansi sínum og Cameron var mjög góður í sínu hlutverki sama hvort hann var að dansa stepp, spjalla í búningsherberginu eða dansa með hinum strákunum á gólfinu. En eins og í verki Steinunnar og Brians komst textinn þó ekki allur til skila vegna þess að tónlistin yfirgnæfði hann. Sigríður Soffía blandar sirkustækni inn í verkið, sem kemur ágætlega út og er áhugaverð tilraun. Notkunin á sirkusnum ber þess þó merki að færni hennar og dansaranna sé ekki nægileg til að ráða við formið. Verkið hélt samt athygli allan tímann og lofar góðu fyrir þennan unga danshöfund.

*Großstadtsafari* var síðasta verkið á dagskránni. Slípað og faglega unnið verk sem hélt athyglinni frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu. Verkið fjallaði um streitu sem byggist upp í fjölmenni borgarlífsins. Höfundurinn kom hugmynd sinni algjörlega til skila í hröðum, kraftmiklum og oft sexý hreyfingum innan svartrar og mjög „urban“ umgjarðar. Dansverkið var rétt eins og það hefði verið samið fyrir Íslenska dansflokkinn – umgjörðin og hreyfiforðinn voru mjög í anda flokksins. Að því leyti var verkið kannski ekki frumlegt, en það var faglegt og án sjáanlegra vankanta. Dansinn í verkinu var mjög krefjandi en dansararnir sýndu hvað í þeim býr. Einstaka sinnum sást þó hik í hreyfingum en ekkert sem orð er á gerandi. Það var síðan sérstaklega gleðilegt að sjá Steve Lorenz dansa af krafti á sviðinu.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**Niðurstaða:** Sýning Íslenska dansflokksins Sinnum þrír er skemmtileg og kröftug sýning sem sýnir hvað listdans á Íslandi er fjölbreyttur.









**HÖNNUÐU VERÐLAUNAHÚSGÖGN** Helga Sigurbjarnadóttir og Kristín Aldan Guðmundsdóttir verða með hádegisleiðsögn í Hönnunarsafni Íslands á morgun.

## Húsgögnin í Hörpu sýnd

Hádegisleiðsögn verður í Hönnunarsafni Íslands á morgun. Þar eru sýndar tillögur sem bárust í hönnunarsamkeppni um húsgögn í Hörpu. Höfundar verðlauna- og viðurkenningartillagna segja frá tillögum sínum og ræða um hlutverk og mikilvægi slíkra samkeppna fyrir íslenska hönnuði.

Höfundar að verðlaunatillögunni eru þær Helga Sigurbjarnadóttir og Kristín Aldan Guðmundsdóttir innanhússarkitektar. Leiðsögnin hefst klukkan 12.15 en síðasti sýningardagur er næsta sunnudag.

# Hér skal nú glens og gaman

## Öskudagurinn í IKEA


Flottasti búningurinn 2010
Einstaklingskeppni


Flottustu búningarnir 2010
Hópakeppni

### Dagskrá kl. 11-17

Búningasamkeppni fyrir
einstaklinga og hópa

★

Ókeypis myndataka

★

Kötturinn sleginn úr tunnunni
kl. 13:30 og 16:30

★

Lukkuhjól - engin núll!

★

Ókeypis andlitsmálun

★

Nammi og fjör


Fyndnasti búningurinn 2010
Einstaklingskeppni


Fyndnustu búningarnir 2010
Hópakeppni


Óvæntasti búningurinn 2010
Einstaklingskeppni


Óvæntustu búningarnir 2010
Hópakeppni

**Hlökkum til að sjá ykkur!**

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2011

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á
WWW.SAMBIO.IS




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| HALL PASS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| RANGO ísl Tal | kl. 5:50 | L |
| RANGO M/ Ensku. Tali | kl. 10:30 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:40 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 10:30 | 12 |
| TRUE GRIT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 5:40 | VIP |
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:30 - 8 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| THE KING'S SPEECH | kl. 5:40 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| SPACE CHIMPS 2 | kl. 6 | L |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 8 - 10:10 | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| HALL PASS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| JUSTIN BIEBER-3D | kl. 5.40 - 8 | L |
| I AM NUMBER 4 | kl. 8 og 10.30 | 12 |
| KING'S SPEECH | kl. 5.30 - 8 | L |
| RANGO-3D ísl Tal | kl. 5.40 | L |
